

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 18. mars 2020

Mál nr. S-7549/2019:

Héraðssaksóknari

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður)

Dómur

I.

Ákæra og dómkröfur:

Mál þetta, sem var dómtekið 28. febrúar 2020, var höfðað með ákæru héraðs-saksóknara, dags. 19. desember 2019, á hendur X, kennitala [...], [...], [...], til dvalar í fangelsinu Hólmsheiði, „fyrir stórfellt brot í nánu sambandi og nauðgun, gegn [...], kennitala [...], unnustu hans, með því að hafa á tímabilinu 5. til 7. október 2019, á dvalarstað þeirra í íbúðargámi við [...] í Reykjavík, og sumpart í nærliggjandi íbúðargámi þar sem hún leitaði skjóls gegn ákærða, veist ítrekað að A með ofbeldi, en ákærði meðal annars veitti henni ítrekuð hnefahögg í andlit, höfuð og líkama, risti skurð á hægri læri hennar með hnífi, sparkaði í hana og ýtti henni, tók hana kverkataka þar til að hún að hún gat ekki andað, reif í hár hennar, reyndi að bíta hana og klippti hluta af hári hennar, hótaði henni ítrekað frekara ofbeldi og lífláti og ógnaði henni með sprautunálum, og með því að hafa, í kjölfar þess að hann beitti hana ofbeldi að morgni hins 7. október, þreifað á kynfærum A og haft samræði við hana samræði án hennar samþykkis með því að beita

hana ofbeldi, en ákærði skeytti engu um mótbárur hennar, tók fyrir munn hennar og hélt höndum hennar föstum fyrir aftan bak.

Af þessu hlaut A maráverka á vinstra gagnaugasvæði, hægra efra augnlok, yfir hægri neðri kjálkann, á bak, hægri hendi, hægri olnboga, hægri upphandlegg, vinstri rasskinn, hægri fótlegg, hægra hné, hægra læri, vinstri fótlegg og vinstra læri, sár á aftanverðan hægri upphandlegg, þumal og handarbak vinstri handar, grunnan skurð á framanvert hægra læri, punkt- og flekkлага blæðingu í slímhúð fremri varar, sár beggja vegna á tungu, skrámur við vinstri augnkrók og efst á innaverðu hægra læri og punktlaga lita-breytingar á hægra efra augnlok, og þar að auki roðaflekki framan á háls, eymsli yfir vinstri kjálka og við þreifingu grindarholslíffæra.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 218. gr. b. og 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 4.000.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 5. október 2019 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. sömu laga. Þá er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns úr hendi ákærða að mati dómara, eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.“

Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. Réttargæslumaður, í umboði fjárhaldsmanns, fyrir hönd ófjárráða A, sem hefur réttarstöðu brotþola í málinu, gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru en krefst þóknunar að mati dómsins og að tekið verði tillit til tímayfirlits. Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda sínum að mati dómsins og að tekið verði tillit til tímayfirlits. Þessu til viðbótar krefst ákærði þess að bótakröfunni verði vísað frá dómi en til vara að hún verði stórlega lækkuð.

II.

Málavextir:

1.

Samkvæmt lögregluskýrslu barst tilkynning til lögreglu að kvöldi laugardagsins 5. október 2019, klukkan 21:43, um óðan mann með öxi á lofti við íbúðargáma við [...] í Reykjavík. Samkvæmt öðrum gögnum málsins voru tilkynnendur tveir vegfarendur, B og C, sem voru staddir í nágrenni gámanna við ljósmyndatöku. Lögregla var send á staðinn en á leiðinni þangað bárust upplýsingar um að maðurinn með axirnar væri farinn inn í einn gáminn og þaðan bærust mikil öskur og læti. Þegar lögregla kom á staðinn hafi öskur og brothljóð reynst koma úr íbúðargámi D. Lögregla hafi barið að dyrum en enginn hafi komið til dyra. Lögregla hafi litið inn um glugga og séð D þar inni öskrandi og sveiflandi öxum. D hafi orðið var við lögreglu, hent frá sér öxunum og opnað fyrir lögreglu. D hafi áfram verið æstur, talað samhengislaust og öskrað hástöfum. Í samskiptum lögreglu við D hafi komið fram að hann virtist vera æstur þar sem nágrenni hans, ákærði, hefði farið illa með brotþola sem nú væri í gistingu hjá D.

Í skýrslunni greinir að brotþoli hafi sofið inni hjá D og sagt það vera rétt að ákærði færi illa með sig. Brotþoli hafi þó ekki viljað aðstoð frá lögreglu. Lögregla hafi rætt við ákærða, sem hafi verið þarna fyrir utan, og honum verið greint frá því að brotþoli vildi fá frið fyrir honum og að hún ætlaði að sofa inni hjá D komandi nótt. Ákærði hafi í samskiptum við lögreglu verið ósáttur við það en látið sér segjast og yfirgefið svæðið. Þá hafi brotþola verið leiðbeint um að hafa samband við lögreglu ef hún þyrfti aftur aðstoð vegna ákærða.

Þá greinir einnig í skýrslunni að lögregla hafi handtekið D þar sem ekki hafi verið talið öruggt að skilja hann eftir í framangreindu ástandi. D hafi verið fluttur á lögreglustöð og vistaður yfir nótt vegna ástands. D var leystur úr fangageymslu daginn eftir og gaf hann framburðarskýrslu kl. 11:10 sama dag þar sem hann greindi nánar frá atvikum fyrrgreint laugardagskvöld.

2.

Samkvæmt lögregluskýrslu barst tilkynning til lögreglu að morgni mánudagsins 7. október 2019, klukkan 10:37, þar sem óskað var eftir aðstoð að fyrrgreindum íbúðargámum. Í skýrslunni greinir að varðstjóri hafi farið á staðinn og að íbúðargámi F. Brotapoli hafi verið þar inni og í uppnámi og henni greinilega liðið mjög illa. Hún hafi greint frá því að ákærði hefði barið hana illa í höfuðið. Brotapoli hafi átt erfitt með að tala þar sem hún hafi fundið fyrir verkjum í kjálkanum. Þá hafi mátt sjá blóð í andliti hennar við nefið. Hún hafi auk þess verið hrædd um að ákærði myndi koma til baka og ganga frá henni. Brotapoli hafi verið færð yfir í lögreglubifreið og á leiðinni þangað hafi hún greint frá því að henni væri illt í kynfærunum þar sem ákærði hefði nauðgað henni harkalega. Lítið hafi verið hægt að ræða við brotþola á vettvangi en hún hafi stuttu síðar verið flutt með sjúkrabifreið á slysadeild til frekari skoðunar og aðhlyningar. Lögregla hafi í framhaldi leitað að ákærða á svæðinu. Hann hafi ekki verið í sínum íbúðargámi og þá hafi hans verið leitað í hverfinu en án árangurs.

Í sömu lögregluskýrslu greinir að E, starfsmaður á vegum vettvangs- og ráðgjafar-teymis Reykjavíkurborgar (VoR-teymis), hafi komið á staðinn og upplýst um að hafa verið í samskiptum við ákærða fyrr um morguninn og fært honum lyf ásamt öðrum borgarstarfsmanni. E hafi upplýst lögreglu nánar um atvik máls fyrr um morguninn og samskipti við ákærða. Í þeirri frásögn hafi meðal annars komið fram að ákærði hefði verið nakinn þegar VoR-teymið kom á staðinn og brotþoli verið hjá honum í gámnum. Ákærði hafi verið grátandi og borið sig illa. Honum hefði verið boðið að koma með í bifreið teymisins svo hann gæti fengið sér að borða. Á leiðinni til baka hefði ákærði orðið brjáláður í bifreiðinni þegar hann varð var við lögreglu á staðnum. Ákærða hefði því verið ekið til tiltekins manns á M í Reykjavík.

Samkvæmt handtökuskýrslu var ákærði handtekinn síðar sama dag, klukkan 12:06, í íbúð að M. Í skýrslunni greinir að ákærði hafi verið í annarlegu vímuástandi við handtöku. Ástandi ákærða er nánar lýst í skýrslunni með þeim hætti að hann hafi verið með útvíkkuð sjáöldur, stöðugur í jafnvægi, framburður hafi verið ruglingslegur en mál hafi verið skýrt. Lögregla hafi rætt við húsráðanda og annan mann í íbúðinni og þeir greint frá því að ákærði hefði komið á staðinn um klukkustund áður með pítsu meðferðis og honum verið ekið þangað af starfsmönnum félagsþjónustu Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu fór lögregla á bráðamóttöku Landspítalans og ræddi við brotþola klukkan 11:45 umræddan dag. Í skýrslunni greinir meðal annars að brotþoli hafi samþykkt að ræða við lögreglu. Brotþoli hafi einnig tekið fram að hún fyndi

mjög mikið til í höfði og ætti erfitt með að tjá sig. Brotapoli hafi verið í annarlegu ástandi, frásögn hennar verið ruglingsleg og hún vaðið úr einu í annað. Brotapoli hafi veitt lögreglu upplýsingar um atvik og greint frá tilteknu líkamlegu ofbeldi og hótunum, auk kynferðislegs ofbeldis. Samtal við brotapolu hafi gefið lögreglu tilefni til að ræða við áður nefndan D, nágretta brotapolu, sem hafði verið handtekinn fyrrgreint laugardagskvöld, eins og áður greinir. Lögregla hafi í framhaldi reynt að ræða við D en það hafi ekki verið hægt með góðu móti vegna vímuástands og andlegs ójafnvægis frammi fyrir lögreglu.

Vettvangsrannsókn tæknideildar var gerð í íbúðargámi ákærða og brotapolu 7. og 8. október 2019. Lögregla aflaði skýrslu og sakargagna frá neyðarmóttöku. Gerð var réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærða sama dag og hann var handtekinn. Þá var leitað til réttarmeinafræðings við Landspítalann til að fara yfir og greina áverka á brotapolu. Sakargögn voru rannsökuð hjá tæknideild lögreglu og blóð- og þvagsýni send til greiningar hjá rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Við frekari rannsókn málsins var tekin skýrsla af brotapolu 7. og 29. nóvember 2019. Ákærði gaf skýrslu með réttarstöðu sakbornings 8. og 18. október 2019, auk þess sem hann lagði fram skriflega yfirlýsingu við hina síðari skýrslutöku. Á tímabili frá 8. október 2019 til 21. nóvember 2019 voru teknar skýrslur af vitnunum D, G, F, E, H, B og C. Ýmis önnur gagnaöflun og úrvinnsla fór fram á framangreindu tímabili. Rannsókn lögreglu lauk 2. desember sama ár og var málinu vísað til héraðssaksóknara. Einkaréttarkrafa réttargæslumanns, fyrir hönd brotapolu, barst 16. desember 2019.

Ákærði hefur að kröfu lögreglu og ákærvalds sætt gæsluvarðhaldi óslitið frá 8. október 2019, þar af á grundvelli a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 til 18. sama mánaðar, sbr. úrskurð Landsréttar nr. 670/2019, en frá þeim degi til dagsins í dag á grundvelli d-liðar 1. mgr. sömu lagagreinar, sbr. meðal annars úrskurði Landsréttar nr. 693/2019 og 751/2019.

3.

Meðal rannsóknargagna er hljóðupptaka af símtali brotapolu við Neyðarlínu og fjar-skiptamiðstöð lögreglu klukkan 10:37 að morgni mánudagsins 7. október 2019. Á þeirri upptöku heyrir brotapoli í miklu uppnámi hringja eftir aðstoð. Í samtalinu kemur meðal annars fram í upphafi þess „Já, þetta er [...brotapoli], hann [ákærði...] réðst á mig, staddur

núna, hann skaust í burtu með teyminu og hann ætlar bara að drepa mig, mig vantar aðstoð núna niður í gáma.“ Þá kemur fram nokkrum sekúndum síðar, sem svar brotþola við spurningu lögreglu um það hvort ákærði hafi verið staddur í sínum gámi: „Nei, hann skaust í burtu með teyminu að kaupa að borða, hann kemur til baka eftir smá, þið verðið að koma núna, annars drepur hann mig.“

4.

Samkvæmt skýrslu neyðarmóttöku Landspítalans, dags. 2. desember 2019, var komið með brotþola á slysa- og bráðadeild klukkan 11:29 þann 7. október sama ár og hefur hún ýmist auðkennið *sjúklingur* eða *þolandi* í skýrslunni. Læknisskoðun á neyðarmóttöku hafi byrjað klukkan 16:00 sama dag, auk blóðsýnatöku. Í skýrslunni undir liðnum *lýsing á broti* greinir meðal annars að brotið hafi verið framið að morgni sama dags á heimili geranda, vitað hafi verið um deili á árásarmanni og hálstaki hafi verið beitt. Undir liðnum *frásögn sjúklings* greinir meðal annars að þolandi hafi greint frá því að hún hafi búið hjá geranda sem hafi beitt hana ofbeldi, hann hafi gengið í skrokk á henni daginn á undan, tekið hana hálstaki og kýlt hana ítrekað. Gerandi og þolandi hafi sofið um nóttina en gerandi haldið henni svo hún kæmist ekki burt. Gerandi hafi um morguninn neytt þolanda til kynmaka þó hún hefði sagt honum að hún vildi það ekki. Um það hvort þolandi hefði veitt geranda mótspyrnu hafi hún sagst ekki hafa þorað að klóra hann en kannski hafa ýtt honum burt frá sér. Þolandi muni vel það sem hafi gerst um morguninn en minna um það sem hafi gerst „í gær“ en hún hafi þó talið að það hefði verið vitni að því þegar hún var tekin hálstaki. Sjúklingur hafi kvartað um verk í hægri öxl/baki og vinstri kjálka. Þessu til viðbótar er samkvæmt frásögn sjúklings varðandi kynferðislegt framferði geranda merkt *já* í staðlaða reiti í skýrslunni um að kynmök hafi átt sér stað í leggöng, getnaðarlimur hafi verið settur í munn, káfað hafi verið á kynfærum, brjóstum og rassi og að fingur hafi verið settur í leggöng. Þá er merkt *nei* við að smokkur hafi verið notaður. Varðandi sáðlát er merkt við að það hafi átt sér stað í leggöng.

Undir liðnum *ástand við skoðun* greinir meðal annars að þolandi hafi verið þreytt og hrædd eftir liðna atburði. Hún hafi virkað eins og hún væri undir áhrifum lyfja en þó ekki þannig að hún væri fjarræn. Þolandi hafi verið þreytt á því að endurtaka sögu sína en svarað þegar hún var spurð. Hún hafi komið á bráðadeild fyrir hádegi sama dag og læknisskoðun á neyðarmóttöku hafi farið fram. Þolandi hafi verið róleg, fengið að borða og lagst í sófa eftir skýrslutöku. Þessu til viðbótar er merkt í staðlaðan reit skýrslunnar

óttaslegin um tilfinningalegt ástand sjúklings. Hvað varðar kreppuviðbrögð þá er merkt í staðlaða reiti skýrslunnar *skjálfti* og *hrollur*. Einnig greinir að sjúklingur hafi haft kynmök við geranda fyrir þremur dögum og að hún hafi á neyðarmóttöku verið klædd í stuttar buxur og rennda hettupeysu.

Undir liðnum *áverkar og önnur verksummerki* greinir að þolandi hafi verið með áverka (sár) sinn hvorum megin á tungu og þeir geti verið eftir að gerandi hafi kýlt hana í höku neðan frá. Þolandi hafi lýst þessu við skoðun á munnholi. Þolandi hafi verið með punktblæðingu (tvo litla rauða punkta) í slímhúð fremri varar en þess háttar blæðing hafi getað komið eftir kyrkingartilraun sem þolandi hafi greint frá. Misstórir marblettir hafi verið á fótleggjum, handleggjum og höndum og þeir hafi getað myndast þegar gerandi hafi gengið í skrokk á þolanda eins og hún hafi greint frá. Þolandi hafi verið aum yfir vinstri kjálka en ekki hafi verið að sjá roða eða áberandi bólgu. Þau eymsli megi hugsanlega rekja til þess að gerandi hafi kýlt þolanda í andlitið. Ílangt sár hafi verið á aftanverðum hægri upphandlegg sem geti hugsanlega verið bitfar eða sár eftir annan áverka. Þolandi hafi verið með grunnan beinan skurð á framanverðu hægra læri sem hafi hugsanlega verið eftir að gerandi hafi skorið hana en hún hafi minnst þess við líkamsskoðun. Fölir roðaflekkir hafi verið á hálsi sem hafi hugsanlega verið eftir hálstak. Þá hafi mar verið á hægra augnloki sem geti stafað af því að þolandi hafi verið kýld í andlit.

Undir liðnum *grindarbotnsskoðun - kvenskoðun* greinir meðal annars að væg eymsli hafi verið við léttu þreifingu á grindarholslíffærum.

Í *niðurstöðukafla* lækni í skýrslunni er stutt samantekt um meint atvik. Þolandi hafi sagt geranda hafa beitt sig ítrekuðu ofbeldi og haldið henni gegn vilja sínum og neytt hana til kynmaka án hennar samþykkis. Þá greinir einnig að þolandi hafi virkað eins og hún væri undir áhrifum lyfja en orðið skýrari eftir því sem leið á veru á neyðarmóttöku. Hún hafi svarað vel spurningum, verið róleg en hrædd við geranda. Sjúklingur hafi ekki munað allt sem gerðist síðasta sólarhring en munað þegar gerandi braut kynferðislega á henni. Á líkama hafi verið ótal marblettir og sár sem geti verið í samræmi við sögu um að gerandi hafi ítrekið gengið í skrokk á þolanda. Þolandi hafi verið með áverka, sbr. fyrri umfjöllun. Ekki hafi hins vegar verið að sjá áverka á kynfærum. Sýni hafi verið tekin o.fl.

Skýrslu neyðarmóttöku fylgdi móttökuskýrsla hjúkrunarfræðings, en þar koma fram sömu eða svipaðar upplýsingar um komu sjúklings á neyðarmóttöku og greinir í fyrrgreindri skýrslu neyðarmóttöku. Til viðbótar greinir meðal annars í móttökuskýrslu að þolandi hafi verið rúm og ræskt sig og svarað því að það væri vont að kyngja. Henni hafi fundist vera bólga í hálsinum, eins og hálsbólga. Þá hafi þolandi greint frá því að gerandi hefði tekið um barkann á henni og þrengt mjög að og hann hefði gert það ítrekað. Þolandi hafi verið færð yfir á neyðarmóttöku í hjólastól en hún hafi verið með eymsli víðs vegar á líkama o.fl. og þá hafi hún sagst vera aum í leginu,

Í móttökuskýrslu greinir meðal annars undir liðnum mat á *áfengis-/vímuefnaáhrifum* að þolandi hafi við komu verið skýr og hún hafi verið búin að sofa dálítið. Hún hafi fengið lyf á bráðadeild og ekki verið undir miklum áhrifum efna en sagst finna að hún væri að fara í fráhvörf. Í staðlaðri útfyllingu um andlegt og líkamlegt ástand við komu kl. 16:00 er merkt *já* við liðina *grátköst/tárast, óttaslegin/kvíðin, hrædd um líf sitt, ráðaleysi, bjargarleysi, endurlifun árásar, skjálfti, hrollur, ör hjartsláttur, ógleði/uppköst*. Í samantekt skýrslunnar er tekið fram að þolandi hafi gefið skýra frásögn, verið yfirveguð en dálítið þreytt, fundist erfitt að segja aftur frá en svarað vel og sagt skýrt frá þegar hún hafi verið spurð. Hún hafi sagst vera mjög hrædd við meintan geranda, hann hafi haft alla stjórn á henni og komið fram við hana eins og sína eign. Þolandi hafi skolfið í viðtali og sagt að sér væri kalt. Hún hafi viljað þiggja alla aðstoð sem hafi verið í boði og verið þakklát fyrir innlögn. Skoðun hafi gengið vel en hún hafi verið aum við sýnatöku í leg-hálsi. Þá hafi hún verið með marbletti víðsvegar og henni verið illt í höfðinu og hálsinum og verið aum viðkomu víðsvegar á líkama. Einnig hafi þolandi verið kurteis og þakklát.

Í skýrslu tæknideildar lögreglu, dags. 11. október 2019, greinir meðal annars að lífsýni frá kynfærum brotaþola, móttekin frá neyðarmóttöku, hafi reynst vera sæði og að þau hafi verið nothæf til DNA-kennslagreiningar.

5.

Í matsgerð I réttarmeinafræðings, dags. 15. október 2019, greinir meðal annars að gerð hafi verið réttarlæknisfræðileg líkamsrannsókn á brotaþola þann 8. sama mánaðar. Brotaþoli hafi verið með mar á vinstra gagnaugasvæði, hægra efra augnloki, yfir hægri neðri kjálka, á bakinu, hægri hendinni, hægri olnboganum, hægri upphandleggnum, vinstri rasskinninni, hægri fótleggnum, hægra hnénu, hægra lærinu, vinstri fótleggnum og vinstra lærinu. Brotaþoli hafi verið með sár á nefinu, hægri upphandleggnum, vinstri

hendinni og hægra lærinu. Slímhúðaráverki hafi verið á neðri vörinni og tungunni. Skráma hafi verið við vinstri augnkrókinn og á hægra lærinu. Þá hafi verið punktlaga litabreytingar á hægra augnlokinu.

Um tilurð áverkanna greinir meðal annars að af heildarmynd þeirra megi ráða að brotapolí hafi orðið fyrir árás og henni veittir flestir áverkarnir af öðrum manni og að hún hafi mögulega varist með því að bera hönd fyrir sig. Útlit maranna á vinstra gagnaugasvæðinu, hægri neðri kjálkanum, hægra efra augnlokinu, bakinu, hægri hendinni, vinstri rasskinninni, hægra hnénu, hægra lærinu, vinstri fótleggnum og vinstra lærinu bendi sterklega til þess að þau hafi orðið fyrir sljóan kraft sem hafi beinst að svæðunum eins og fyrir aðfarir annars manns í formi slaga og þrýstings eða grips. Útlit og staðsetning marsins á hægri hendinni geti bent til þess að það hafi orðið við eigin varnir gegn slögum/höggum annars manns. Útlit og staðsetning mars á vinstri rasskinn, hægra hnénu, hægra lærinu og vinstra lærinu, ásamt skrámunni á hægra lærinu, geti bent til þvingaðrar kynferðisathafnar, til dæmis þvingaðs samræðis.

Nánar um tilurð áverkanna þá greinir í matsgerðinni að útlit slímhúðaráverkans á innanverðri neðri vörinni bendi sterklega til þess að hann hafi orðið fyrir sljóan kraft, þ.e. að hann hafi orðið við högg eða þrýsting yfir munnsvæðið. Útlit slímhúðaráverkanna á tungunni bendi sterklega til þess að þeir hafi orðið við sljóan kraft og að tungan hafi lent milli tanngarðanna er þeir skulu saman, svo sem við högg á munn- eða hökusvæðið. Útlit skráunnar við vinstri augnkrókinn bendi sterklega til þess að hún hafi orðið við sljóan kraft og geti bent til klórs með fingurnögl. Útlit punktlaga litabreytinganna á hægra efra augnlokinu bendi til þess að þær séu svokallaðar punktblæðingar. Slíkar blæðingar verði til við hækkaðan þrýsting í smáum bláæðum sem bresti í kjölfarið. Punktblæðingar þessar geti bent til þess að tekið eða gripið hafi verið um hálsinn og takinu haldið í nokkra stund. Útlit, staðsetning og dreifing punktblæðinganna einskorðist þó ekki við slíkan atburð og geti því mögulega einnig skýrst af öðru. Á hálshúðinni hafi engir áverkar sést en það tali þó ekki gegn því að tekið hafi verið um hálsinn. Útlit sársins á hægri upphandleggnum bendi til þess að það hafi orðið fyrir sljóan kraft í formi samstuðs við harðan kant eða slag með hörðu köntuðu áhaldi. Útlit nánar tilgreindra sára á vinstri hendinni bendi til þess að þau hafi orðið fyrir skarpan kraft, til dæmis snertingu við hnífsodd. Útlit maranna á hægri olnboganum, hægri upphandleggnum, hægri fótleggnum, hægra lærinu, vinstri fótleggnum og vinstra lærinu bendi til þess að þau hafi orðið fyrir sljóan kraft í formi högga eða þrýstings. Útlit sársins á nefinu bendi til þess að það hafi

orðið fyrir sljóan kraft í formi snertingar eða samstuðs við hart eða stamt yfirborð. Að teknu tilliti til ástands andlitshúðar, sem sýni dreifðar bólur, og staðsetningar áverkans megi einnig vera að hann sé afleiðing þess að bóla hafi rofnað og orðið fyrir hnjaski. Útlit nánar tilgreinds sárs á vinstri hendi bendi til þess að það hafi orðið við sljóan kraft af mildara tagi og sé vanalegt við hversdagslega snertingu við umhverfið. Útlit sárs á hægri lærinu bendi sterklega til þess að hafa orðið fyrir skarpan, grunnristandi kraft og bendi til skurðar með egghvössu áhaldi, til dæmis hnífi. Útlit, eðli og staðsetning áverkans geti bent til þess að áverkinn sé sjálfveittur en ekki sé þó útilokað að áverkinn sé eftir annan mann.

Um aldur áverkanna greinir að útlit þeirra samrýmist því að þeir hafi komið til innan gefins tímaramma um atburðinn samkvæmt upplýsingum frá lögreglu, nánar tiltekið á tímabili frá 4. til 7. október 2019.

Um alvarleika áverkanna greinir að þeir hafi ekki verið lífshættulegir og þess megi vænta að þeir grói án varanlegra líkamlegra meina. Hafi tak um hálsinn á brotþola valdið meðvitundarmissi þá megi segja að hún hafi verið sett í lífshættulegt ástand.

6.

Samkvæmt skýrslu læknis, dags. 7. október 2019, um réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða, þá fór fram slík skoðun að kvöldi sama dags á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Í skýrslunni greinir meðal annars að ákærði hafi komið til skoðunar í fylgd lögreglu eftir handtöku. Hann hafi meðal annars verið æstur, lítt viðræðuhæfur og mótmælt myndatöku. Ákærði hafi talað um að hann væri með skrámur og marbletti víða eftir að hafa dottið endurtekið heima hjá sér. Þá hafi hann kennt eymsla í sárum á fótum. Ákærði hafi verið með margar húðrispur, sár og marga misgamla marbletti á fótum og einnig nokkurra daga marblett á hægri upphandlegg. Í ályktun greinir að áverkamerki hafi verið víða á ákærða sem hafi passað við frásögn ákærða um að hann hefði verið mikið að detta. Þá hafi hann einnig verið með nýlegar húðrispur á baki sem hafi helst passað við sár sem komi við það að líkaminn renni á einhverju sem rispi.

7.

Samkvæmt skýrslu tæknideildar, dags. 19. október 2019, auk ljósmynda, fór fram rannsókn á íbúðargámi ákærða og brotþola. Rannsókn hófst 7. sama mánaðar, klukkan 12:45, og þá fór fram framhaldsrannsókn daginn eftir. Í skýrslunni greinir meðal annars

að innandyra hafi verið eins og einhver hefði gengið berserksgang. Á rúmdýnu hafi verið lagt hald á salernispappírshúta og þeir hafi verið með blóðblettum. Þá hafi verið tekin stroksýni utan á gámnum af sleftaumum með blóði í neðan við glugga á vesturhlið gámsins.

8.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu, dags. 21. nóvember 2019, var farið 5. sama mánaðar í íbúðargám ákærða til að athuga hvort þar væri að finna band eða reipi. Tilefnið hafi verið framkomnar upplýsingar úr skýrslum ákærða og brotþola um meinta hengingartilraun. Athugun hafi leitt í ljós að búið var að hreinsa allt úr gámnum á þeim tíma.

9.

Samkvæmt gögnum frá rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði var meðal annars amfetamín og rítalínsýra í þvagsýni frá brotþola, auk umbrotsefnis kókaíns. Þá voru í blóðsýni brotþola nánar tilgreind mæligildi lyfja eins og eftir töku í lækningalegum skömmtum. Ekkert alkóhól hafi hins vegar mælst í fyrrgreindum sýnum. Í blóðsýni úr ákærða voru 0,6 ng/ml tetrahýdrókannabínól, auk nánar tilgreindra mæligilda lyfja eins og eftir töku lækningalegra skammta. Alkóhól mældist hins vegar ekki í blóðsýni ákærða.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Ákærði neitaði alfarið sök og vísaði á bug þeim atvikum sem greinir í verknaðarlýsingu í ákæru. Ákærði kvaðst hafa verið kærasti brotþola í nokkur ár. Hann hefði setið í fangelsi og lokið afplánun um sumarið 2019. Ákærði hefði á þeim tíma flutt til Spánar með móður sinni og sambýlismanni hennar. Á þeim tíma sem ákærði hefði búið á Spáni hefði brotþoli sett sig í samband við hann og viljað að hann kæmi og hjálpaði sér þar sem hún hefði átt erfitt. Ákærði hefði farið í óþökk móður sinnar til Íslands og tekið upp samband við brotþola að nýju. Ákærði hefði leitað til Reykjavíkurborgar með félagslega þjónustu og fengið úthlutað íbúðargámi við [...] í Reykjavík. Ákærði og brotþoli hefðu

í framhaldi farið að búa saman í íbúðargáminum. Ákærði kvaðst ekki hafa verið í vímu-efnaneyslu á þessum tíma. Hann hefði verið allsgáður og einungis verið að taka lyfin sín samkvæmt lyfseðli. Lyfin hefði hann fengið afhent frá VoR-teymi. Varðandi atvik laugardaginn 5. október 2019 til mánudagsins 7. sama mánaðar þá kom endurtekið fram í framburði ákærða að hann virtist eiga erfitt með að muna hvenær einstök atvik hefðu átt sér stað. Hið sama gildi um innbyrðis samhengi atvika og var framburður hans eftir því.

Ákærði bar um það að hafa verið að undirbúa afmæli sitt með vini sínum. Vinur hans hefði verið að keyra hann og brotapolí verið að reyna að ná sambandi við hann símleiðis og biðja hann að koma heim. Því hefði hún hringt í síma vinar ákærða en vinur hans hefði ákveðið að slökkva á símanum. Þegar ákærði hefði síðan komið heim, eftir að hafa verið sólarhring í burtu, þá hefði hann komið að íbúðargáminum í slæmu ásigkomulagi. Það hefði verið búin að rústa allt inni og taka glugga af hjörunum. Þá hefði allt verið í sprautunálum og „öðru ógeði“ þar inni. Aðspurður sagði ákærði að íbúðargámurinn hefði verið í lagi og óskemmdur þegar hann fór burt í umrætt skipti með vini sínum og þá hefðu samskipti hans og brotapóla verið góð á þeim tíma. Ákærði hefði ætlað að fara með brotapóla út að borða, kaupa handa henni föt og fleira í þeim dúr. Brotapóli hefði verið búin að loka að sér inni á salerni og ekki svarað honum þegar hann bankaði á hurðina. Ákærði hefði ákveðið að sparka upp hurðina og þá hefði hann komið að henni þar sem hún var búin að hengja sig í spotta og vefja sig alla með límbandi um hálsinn og munninn. Ákærði hefði tekið hana niður og bjargað lífi hennar. Ákærði hefði talið að brotapolí hefði rústað allt inni í íbúðargáminum og þá kvaðst hann ekki vita hvort eitthvað hefði gerst sem varð til þess að hún vildi binda enda á líf sitt. Ákærði tók fram að brotapolí hefði verið veik og verið búin að sprauta sig „með alls konar dóti“. Ákærði hefði hins vegar verið allsgáður. Aðspurður um hvenær þessi atvik gerðust kvaðst ákærði halda að þetta hefði gerst daginn fyrir afmælið hans en hann myndi það hins vegar ekki nánar. Frekar aðspurður um þessi atvik, þá kvaðst ákærði ekki muna hvort aðrir íbúar á gámasvæðinu hefðu komið að þeim eða hvenær dagsins þau hefðu átt sér stað. Samskipti ákærða og brotapóla hefðu verið góð eftir þetta atvik en henni hefði hins vegar ekki liðið vel. Frekar aðspurður kvaðst ákærði ekki muna hvenær hann kom að brotapolá þegar hún hefði verið að reyna að hengja sig. Það hefði sést á hálsinum á henni. Þykktin á snúrunni hefði verið áþekkt helmingnum úr þykkum kaðli og hún hefði verið búin að búa til snöru úr snúrunni. Hún hefði verið leið eftir þetta en þau ekki talað saman um það sem hefði

gerst. Hún hefði ekki verið í ástandi til þess vegna lyfjaneyslu. Ákærði kvaðst halda að brotaþoli hefði orðið mjög reið og rústað gáminn af því að hann hefði ekki komið heim eins og hún vildi og vinur ákærða hefði lokað á símtöl frá henni. Ákærði kvaðst hafa fyrirgefið henni þetta og engin læti hefðu orðið út af þessu og þau farið að sofa.

Ákærði var spurður út í atvik umrædda helgi út frá aðkomu lögreglu. Ákærði vísaði fyrst til þess þegar hann varð var við lögreglu að morgni mánudagsins 7. október 2019. Hann kvaðst ekki vilja greina frekar frá því og vísaði til yfirlýsingar sem hann hefði lagt fram hjá lögreglu. Ákærði var spurður út í önnur samskipti við lögreglu umrædda helgi út frá upplýsingum í gögnum um atvik laugardaginn 5. október 2019 eða að kvöldi þess dags. Í því sambandi kannaðist ákærði við að lögreglan hefði komið á svæðið umrædda helgi. Ákærði tók fram að hann hefði hringt á lögregluna þegar hann hefði séð inn um glugga hjá D, nágranna í nærliggjandi íbúðargámi, að brotaþoli hefði legið uppi í rúmi hjá D. Hann hefði áður en hann hringdi verið búinn að banka á hurðina á íbúðargáminum hjá D en þau hefðu ekki viljað svara honum. Hann hefði haldið að eitthvað væri að gerast hjá þeim og að það væri ekki í lagi. Ákærði tók fram að D hefði yfirleitt ekki hleypt neinum upp í rúm til sín. Ákærða hefði ekki verið vel við það að kærastan hans væri uppi í rúmi hjá öðrum manni. Þá kvaðst hann halda að þau D hefðu verið að sprauta sig saman. Ákærði kvaðst ekki hafa verið í samskiptum við D áður en brotaþoli fór til hans. Hann hefði verið að „vesenast“ með vini sínum og hún hefði bara verið að gera eitthvað af sér. Ákærði kvaðst aðspurður ekki vilja nafngreina fyrrgreindan vin sinn. Ákærði og D hefðu þekkt og allt verið í góðu á milli þeirra. Þá hefði ákærði einnig þekkt G sem hefði búið hjá D eða haldið til hjá honum. Samskiptin hefðu verið góð við nágrannana á svæðinu. Aðspurður kvaðst ákærði hafa fengið að hringja í lögregluna hjá tveimur mönnum en brotaþoli hefði verið búin að stela símanum hans. Ákærði kvaðst muna eftir því að lögreglan hefði komið á staðinn og farið burt með D. Þegar verjandi spurði nánar um þessi atvik bar ákærði um að D hefði alltaf verið mjög hávær og ákærði hefði verið leiður á þessum tíma og grátið þar sem hann hefði grunað að brotaþoli og D hefðu haft kynmök. Þegar sækjandi spurði nánar um þessi atvik þá kvaðst ákærði ekki muna eftir því hvað lögreglan hefði sagt við hann í tengslum við handtöku D.

Ákærði var spurður nánar út í það hvað hefði gerst eftir að lögreglan var farin burt með D á laugardagskvöldinu. Í framburði ákærða kom fram að G hefði verið á staðnum og ákærði hefði talað við hann. Ákærði kvaðst ekki hafa farið inn í íbúðargám D eða ekki kannast við að hafa farið þar inn á meðan brotaþoli var þar sofandi. Brotaþoli hefði komið

út úr gáminum og þau hefðu farið og lagt sig heima hjá þeim. Nánar aðspurður um þessi atriði taldi ákærði að hann hefði komið heim seint á laugardeginum, daginn sem D hefði verið handtekinn. Þá kvaðst hann nánar aðspurður muna eftir því að hafa að kvöldi þess dags farið inn um glugga á íbúðargámi D og sótt brotþola. Allt hefði verið í góðu á þeim tíma og gott verið á milli hans og G. Hann kvaðst hins vegar ekki muna vel eftir þessu atviki eða hvað hann hefði verið að gera á laugardagskvöldinu. Þá kvaðst hann halda að hann hefði farið að „vesenast“ eitthvað með vini sínum. Nánar aðspurður um þessi atvik kannaðist ákærði ekki við að hafa skemmt eða slegið í hluti inni í gáminum hjá D á meðan G var þar inni.

Ákærði var spurður út í atvik á sunnudeginum og greindi hann frá því að vinkona brotþola, Í, hefði verið með þeim þá. Þá greindi ákærði einnig frá því að J hefði komið í heimsókn á sunnudeginum. Allt hefði verið í góðu hjá þeim á þeim tíma. Ákærði kvaðst halda að hann hefði greint frá komu þessa fólks þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu.

Ákærði var spurður út í verknaðarlýsingu ákæru og vísaði hann henni á bug. Hann kvaðst ekki hafa beitt brotþola ofbeldi og kannaðist ekki við að hafa hótað eða ógnað henni á neinn hátt. Varðandi grunnan skurð á framanverðu læri brotþola þá vísaði ákærði til þess að brotþoli hefði verið hjá H og hann væri bróðir barnsföður brotþola. H hefði beitt brotþola ofbeldi, bundið hana og skorið í lærið á henni. Þetta hefði gerst á heimili H í NÆ tveimur vikum áður en ákærði var handtekinn umræddan mánudag. Brotþoli hefði hins vegar náð að komast undan H í það skipti. Ákærði kvaðst hafa fengið þessar upplýsingar frá brotþola í framhaldi af þeim atvikum. Varðandi kverkatak þá kvað ákærði það vera rangt að hann hefði tekið brotþola slíku taki. Nánar aðspurður út frá framburði brotþola hjá lögreglu um það hvort hann hefði tekið brotþola slíku taki inni í íbúðargámi hjá D þegar hann kom þar inn þá kannaðist ákærði ekki við það. Hann kvaðst hins vegar kannast við það að hafa farið stundum í heimsókn í þann gám og brotþoli þá verið með honum en hann kvaðst ekki vita hvort það hefði gerst þessa umræddu helgi. Ekkert slíkt hefði gerst. Ekkert af því sem lýst væri í ákæru hefði átt sér stað, hann hefði hvorki beitt brotþola líkamlegu né kynferðislegu ofbeldi. Hann hefði aldrei lamið hana og honum þætti vænt um hana. Ákærði kvaðst aldrei hafa átt svartan veiðihníf og ekki kannast við neinn slíkan hníf.

Ákærði var spurður út í kynferðismök við brotþola á umræddu tímabili en hann kvaðst kannast við að hafa haft kynferðismök við hana að morgni umrædds mánudags. Það hefði verið með fullu samþykki hennar. Þau hefðu haft samræði. Nánar aðspurður

um þessi atvik kvaðst ákærði ekki vilja svara frekari spurningum um þau. Honum fyndist hann vera búinn að svara nóg og kvaðst hann ekki vilja svara því hvernig kynferðismökin hefðu hafist. Aðspurður sagði ákærði það vera rangt að hann hefði haldið um hendurnar á henni og tekið fyrir munninn á henni. Ákærði tók fram að honum þætti skelfilegt að brotaþoli væri að bera slíkar sakir á hann. Hann hefði verið að hjálpa henni og verið góður við hana og það hefði alltaf verið svoleiðis. Frekar aðspurður um þessi atvik kvaðst ákærði ekki hafa notað smokk í samræðinu við brotaþola en hann tók fram að hún hefði verið að taka inn tiltekin lyf. Frekar aðspurður kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa þreifað á kynfærum brotaþola. Um hefði verið að ræða venjulegt kynlíf en ekkert þukl eða neitt slíkt. Þau hefðu bæði notist, hann hefði ekki haldið henni, ekki tekið fyrir vitin á henni og ekki haldið höndunum á henni föstum. Nánar aðspurður um samþykki fyrir kynferðismökunum og hvernig samþykkið hefði komið fram hjá brotaþola í umrætt skipti, þá bar ákærði á þá leið að honum hefði virst hún vera samþykk því að eiga við hann kynferðismök. Tók ákærði fram að þegar brotaþola langaði að hafa við hann kynferðismök þá væri hann alveg viss um að svo væri og þannig hefði það verið umræddan dag.

Ákærði var spurður út í áverka sem voru á brotaþola við skoðun á neyðarmóttöku á mánudeginum. Hann kvaðst ekki hafa verið valdur að þeim áverkum. Ákærði tók fram að þau brotaþoli væru bæði þakin marblettum og vísaði til næringarskorts og að hann væri alltaf af fá marbletti við það að reka sig í. Ákærði vísaði til lífennis þeirra; allir peningar hjá þeim hefðu farið í fíkniefna- eða lyfjaneyslu og fleira í þeim dúr. Ákærði kvaðst ekki hafa séð neina áverka á andliti brotaþola en tók fram að það hefði verið skelfilegt að koma að henni þegar hún ætlaði að hengja sig inni á salerni en hún hefði ekkert talað um það af hverju hún hefði ætlað að hengja sig. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið eftir roðaflekkjum á hálsinum á henni þegar hann var spurður um það út frá gögnum neyðarmóttöku en vísaði til þess sem hefði gerst varðandi hengingartilraunina og þess sem hann hefði gert til að bjarga brotaþola. Ákærði kvaðst ekki hafa skýringu á framburði brotaþola hjá lögreglu um að hún væri hrædd við ákærða og sagði að það væri rangt og hún hefði ekki ástæðu til vera hrædd við hann. Varðandi skýringar á því hvers vegna brotaþoli hefði lýst miklu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi af hans hálfu í hennar garð þá kvaðst ákærði telja að það gæti skýrst af veikindum hennar.

Ákærði bar um og var spurður út í pöntun á pítsum og önnur atvik eftir framangreind kynferðismök. Í framburði ákærða kom fram að brotaþoli hefði umræddan mánudagsmorgun hringt úr hennar síma og pantað tvær pítsur. Það hefði verið í framhaldi af því að þau höfðu kynferðismök. Starfsmenn VoR-teymis hefðu komið skömmu síðar og ákærði farið með þeim til að sækja pítsurnar. Aðspurður kvaðst ákærði kannast við það að hafa verið nakinn þegar VoR-teymið kom heim til hans. Ákærði tók fram í því sambandi að hann hefði verið nývaknaður og nýlega haft kynmök. Þá hefði hann alltaf sofið nakinn. Nánar aðspurður um framangreind atvik og hvernig meint samþykki fyrir kynferðismökum við hann og pöntun pítsu gæti samrýmst hjálparbeiðni brotaþola til lögreglu stuttu síðar þá kvaðst ákærði ekki hafa neina skýringu á því. Ekkert hefði gerst hjá þeim tveimur sem gæti skýrt það. Frekar aðspurður um þetta kvaðst ákærði halda að skýringuna mætti rekja til veikinda brotaþola. Ákærði bar um það að þegar hann hefði komið til baka, eftir að hafa ætlað að sækja pítsurnar, þá hefði lögreglan verið komin á staðinn og honum hefði ekki litist á það. Lögreglan hefði verið hjá íbúðargámi D en ákærði hefði á þeim tíma ekki vitað að þeir hefðu verið heima hjá honum. Ákærði hefði því beðið starfsmenn VoR-teymis að keyra sig annað. Um ástæðu þess kvaðst ákærði hafa verið með lyf á sér sem hann vildi ekki að lögreglan myndi taka lyfin af honum. Frekar aðspurður um lyfin í ljósi fyrri framburðar um að hann hefði verið allsgáður og í góðu standi þá bar ákærði um að umrædd lyf hefðu ekki verið lyf hans samkvæmt lyfseðli. Um hefði verið að ræða lyf sem hann hefði falið fyrir brotaþola.

2.

Brotaþoli greindi almennt frá sínum högum og sambandinu með ákærða. Í framburði hennar kom meðal annars fram að hún hefði byrjað í nánú sambandi með ákærða fyrir um þremur árum. Hún hefði flutt inn á þáverandi heimili hans á þeim tíma. Eftir nokkurra mánaða sambúð hefði ákærði byrjað að beita hana ofbeldi og stjórnsemi. Ákærði hefði hlotið dóm, meðal annars fyrir ofbeldi gagnvart henni, og verið í fangelsi í þrettán mánuði vegna þess máls. Þau hefðu engu að síður haldið áfram að vera í sambandi eftir að hann fór í fangelsi og verið með áform um að trúlofa sig og ganga í hjúskap. Brotaþoli kvaðst á svipuðum tíma sjálf hafa afplánað dóm í öðru fangelsi og þá verið allsgáð. Að lokinni afplánun hefði hún hins vegar byrjað að neyta vímuefna að nýju. Slitnað hefði upp úr sambandi hennar og ákærða og hann flutt með móður sinni til Spánar að lokinni afplánun.

Móðir ákærða hefði nokkru síðar haft samband símleiðis við brotapolu frá Spáni og beðið hana að hjálpa sér með ákærða. Í símtalinu hefði komið fram að ákærði vildi komast í samband við hana að nýju og koma til baka til Íslands. Brotapoli hefði svarað á þá leið að hún gæti ekki orðið við því. Ákærði hefði engu síðar komið til Íslands og haft uppi á henni. Brotapola hefði í fyrstu fundist í lagi að hitta ákærða aftur en ekki verið tilbúin að vera í sambandi með honum. Ákærði hefði hins vegar verið búinn að ákveða að hún ætti að vera í sambandi með honum. Eftir það hefði hún verið föst með honum í sambandi. Nánar aðspurð um hvað hún ætti við með því að vera föst í sambandi vísaði brotapoli til þess að hún hefði ekki mátt gera neitt, fara neitt, eiga síma og fleira í þeim dúr. Það hefði verið ákærði sem hefði verið ráðandi aðilinn í sambandinu og hann hefði heilaþvegið hana. Í fyrstu hefði verið í lagi að hefja sambandið með honum að nýju en sig hefði langað að vera allsgáð. Það hefði hins vegar ekki verið raunin. Þau hefðu bæði verið að neyta lyfsins Ritalins og kókaíns og verið sprautufíklar. Ákærði hefði fengið úthlutað íbúðargámi á umræddu gámasvæði og þar hefðu þau búið saman og reynt að halda heimili. Þá kvaðst brotapoli hafa verið meðvirk í sambandinu með ákærða. Brotapoli tók fram að ákærði hefði verið betri þegar hann var allsgáður.

Brotapoli var spurð út í atvik dagana 5.–7. október 2019. Hún tók fram að minni hennar um atvik væri „dálítið blörrað“. Brotapoli byrjaði að greina frá atvikum á laugardeginum 5. október og kvaðst hún hafa verið í íbúðargáminum með ákærða þegar hann hefði sagst ætla að fara að sækja „dóp“ með vini sínum. Þeir hefðu farið saman í „mission“ en hún hefði átt að bíða í gáminum á meðan. Hún hefði því ekki þorað að fara út en eftir þrjá til fjóra tíma þar inni hefði hún verið búin að fá nóg. Hún hefði ákveðið að hringja í vin sinn, K, sem nú er látinn. K hefði í framhaldi komið til hennar og veitt henni félagsskap. Þau hefðu síðan farið saman í tiltekið hús við [...]. Á meðan þau hefðu verið þar hefði vinur ákærða hringt í hana. Ákærði hefði einnig verið í símtalinu og talað við hana í hljóði og mynd. Hann hefði spurt hana hvar hún væri og af hverju hún væri ekki í gáminum. Þá kvaðst brotapoli hafa heyrt í D í bakgrunni samtalsins. D hefði beðið hana „plís“ að koma þar sem ákærði væri að „snappa“. Á sama tíma hefði brotapoli heyrt ákærða segja endurtekið „hvar er konan mín“. Brotapoli kvaðst ekki hafa viljað upplýsa hvar hún væri og ákveðið að hunsa símtalið og sagt við D að hann yrði að leysa úr þessu. Stuttu eftir þetta kvaðst brotapoli hafa heyrt í ákærða fyrir utan fyrrgreint hús við [...]. Ákærði hefði kallað nafn hennar og henni verið mjög brugðið. K hefði enn verið með henni þegar þetta átti sér stað en hann hefði ákveðið að fara nokkru síðar. K hefði beðið

hana koma með sér og sækja fyrir sig skjöl sem hann hefði gleymt í íbúðargáminum hjá henni. Hún hefði ákveðið að „taka sénsinn“ og fara með K. Hún hefði þá vitað að ákærði var kominn í gáminn en hún hefði verið búin að hringja í D og fengið að vita hjá honum að ákærði væri sofandi.

Brotapoli kvaðst hafa farið að íbúðargámasvæðinu og beðið K að geyma fyrir sig símann á meðan hún færi fyrir hann að sækja skjölin. Ákærði hefði hins vegar vaknað þegar hún kom í gáminn og þá hefði þetta allt saman byrjað. K hefði svo farið burt á meðan og haft með sér símann hennar og hún verið varnarlaus gagnvart ákærða. Ákærði hefði beðið hana að útvega fyrir sig peninga svo hann gæti keypt „dóp“ en hann hefði vitað að hún gæti fengið peninga frá fjárhaldsmanni sínum og beðið fjárhaldsmanninn að hjálpa sér með það. Ákærði og D hefðu síðan farið burt.

Ákærði hefði í framhaldi verið með andlegt ofbeldi við hana, skammast í henni og farið að kasta til hlutum inni á heimili þeirra. Hún hefði reynt að vera róleg en ákærði hefði síðan byrjað að berja hana og sparka í hana. Nánar aðspurð um þetta greindi brotapolí frá því að ákærði hefði, eins og hann hefði verið vanur að gera, tekið af henni Ritalin sem hún var með á sér, auk þess sem hann hefði ætlað að taka af henni símann en hún hefði látið K geyma hann fyrir sig eins og áður greinir. Þá hefði hann skipað henni að vera kyrr, hann hefði „snappað“, lamið í vegg og rífið í fötin hennar. Hún hefði þá öskrað og grátið og heyrt í D fyrir utan íbúðargáminn að berja á hurðina. D hefði verið með öxi og ákærði hefði verið hræddur út af því. Ákærði hefði sagt henni að þegja og ekki viljað opna fyrir D. Brotapoli kvaðst hins vegar hafa reynt að róa ákærða niður og segja honum að D væri bara „klikkaður“. Nánar aðspurð um hvað ákærði hefði verið að gera henni þegar D hefði verið fyrir utan þá lýsti brotapolí því að ákærði hefði verið að berja hana, ýta henni og lemja hana utan í vegginn. Hún hefði öskrað og hann hefði togað í hárið á henni og gripið um hálsinn og handleggina á henni. D hefði heyrt hana gráta. Þá kvaðst brotapolí telja að G hefði einnig heyrt í henni. Hún hefði gefið frá sér hljóð út af sársauka þegar ákærði var að ganga í skrokk á henni og D hefði verið reiður út í ákærða vegna þess sem hann hefði verið að gera henni. D hefði síðan verið handtekinn.

Brotapoli kvaðst hafa verið alveg búin á þessum tíma og fært sig yfir í gám D þegar lögreglan var að tala við ákærða. Nánar aðspurð hvar hún hefði verið þegar lögreglan handtók D kvaðst hún halda að hún hefði þá verið inni í sínum gámi. Hún væri þó ekki alveg viss um þetta því hún myndi frekar illa eftir þessum atvikum. Þá kvaðst hún ekki muna eftir að hafa séð lögregluna en þau hefðu á þessum tíma öll verið búin að vera

vakandi lengi og verið að nota vímuefni. Það truflaði minni hennar auk þess sem hún hefði verið í áfalli. Þá kvaðst brotþoli ekki muna eftir því að lögreglan hefði komið og talað við hana í tengslum við handtöku D.

Brotþoli kvaðst hafa læst að sér inni í gámnum hjá D og beðið um að fá að leggja sig. G hefði verið þar inni. Á meðan hún hefði verið inni í gáminum hefði ákærði á tímabili verið að reyna að brjóta upp hurðina. G hefði reynt að segja við ákærða í gegnum hurðina að hún væri ekki þar inni. Það hefði hann gert svo hún gæti sofið. Síðan hefði ekkert heyrst frá ákærða í tvo eða þrjá tíma og hún legið í rúminu við hliðina á G. Allt í einu hefði ákærði komið og sparkað í og skemmt glugga og farið inn um hann og inn í gáminn. Þegar ákærði hefði verið kominn inn hefði hann rústað allt þar inni. Ákærði hefði tekið hana kverkataki svo hún missti andann og henni sortnaði fyrir augun. Þá hefði G grátið og beðið hann að hætta. Ákærði hefði tekið G hálstaki, ýtt honum upp að vegg og beitt hann ofbeldi og hótað honum og tekið af honum lyf. Þá hefði ákærði skipað henni að fara yfir í gáminn og hún hefði ákveðið að hlýða ákærða, hún hefði viljað hlífa G þar sem hann væri aldraður maður.

Brotþoli greindi frá atvikum á sunnudeginum 6. október en þar kom meðal annars fram að J, góður félagi ákærða, hefði komið á staðinn. Hann hefði verið að selja Ritalin. Brotþoli tók fram að ákærði yrði „alltaf geðveikari“ þegar hann væri að taka inn Ritalin. Brotþoli kvaðst hafa farið inn á salerni og ætlað í sturtu. Hún hefði lokað að sér með því að setja bekk fyrir framan hurðina en ekki hefði verið hægt að læsa henni. Á meðan hefðu ákærði og J verið frammi. Í sturtuklefanum hefði hún sett snúru utan um hálsinn á sér og verið tilbúin að taka líf sitt. Hún hefði greinilega sleppt snúrunni því hún hefði vaknað upp við það að ákærði var búinn að brjóta sér leið inn og J hefði verið með honum. Ákærði hefði skorið á snúruna og sparkað í andlitið á henni. J hefði verið viðstaddur og séð það gerast. Ákærði hefði sagt við hana að hún væri að þykjast vera að fyrirfara sér og dregið hana á handleggjunum fram. J hefði á þessum tímapunkti ákveðið að fara og talað um að hann gæti ekki staðið í þessu, en hann hefði verið búinn að reyna að róa ákærða. Ákærði hefði reiðst yfir því að J fór og kennt henni um það. Ákærði hefði síðan nauðgað henni, haldið fyrir munninn á henni og hún hefði hágrátið. Ákærði hefði sagt henni að þegja. D hefði þá verið kominn til baka og sagði hún að hún hefði frétt af því síðar að hann hefði heyrt í henni þarna. Hún hefði svo dottið út og sofnað á gólfinu og það hefði ákærði gert líka. Nánar um atvik á þessu tímabili, það er eftir að J var farinn, greindi brotþoli frá því að ákærði hefði farið að raka af henni hárið með rafmagnsrakvél

en vélin hefði orðið rafhlöðulaus. Ákærði hefði þá farið að klippa hárið af með skærum en hún hefði grátbeðið hann að hætta og hann þá virst fá samviskubit og hætt því.

Brotapoli greindi frá atvikum á mánudeginum 7. október. Hún sagðist hafa vitað að VoR-teymið kæmi alltaf með lyf til ákærða og hefði því gert sér grein fyrir því að teymið væri væntanlegt. Hún kvaðst hafa vaknað við það að ákærði var að leita að 5.000 króna seðli sem hún hefði átt og viljað að hún fyndi fyrir hann seðilinn. Hún hefði verið búin að fá nóg af ákærða á þessum tíma. Hún hefði þá spurt hann hvort hann væri „svo mikill aumingi“ að hann gæti ekki leitað sjálfur að seðlinum. Ákærði hefði þá komið að henni og kýlt hana mörgum sinnum í andlitið. Hún hefði eftir það skyrpt blóði út um glugga á gáminum. Hún hefði grátið en ákærði hefði komið að henni og tekið um kjálkann á henni og sagt henni að þegja. Hann hefði síðan byrjað að hafa við hana kynferðismök og hún grátið á meðan. Brotapoli kvaðst hafa sagt ákærða að hún væri að hugsa um að biðja VoR-teymið um hjálp og að fara með sig á geðdeild. Hann hefði hins vegar svarað henni með því að hún ætti „að grjóthalda kjafti“ og þykjast vera sofandi, annars myndi hann drepa hana. Hún hefði síðan þóst vera sofandi þegar VoR-teymið kom stuttu síðar. Brotapoli kvað sig reka minni til þess að starfsmenn VoR-teymisins hefðu spurt ákærða um hana og hann hefði svarað því að hún væri sofandi og bannað þeim að koma inn í gáminn. Ákærði hefði síðan farið með VoR-teyminu þar sem hann hefði viljað kaupa sér pítsu fyrir peninginn hennar. Brotapoli kvaðst þá hafa ákveðið að „taka sénsinn“ og fara út um gluggann á gáminum og yfir til nágranna síns, F. Hún hefði bankað á gluggann hjá F, beðið um hjálp og viljað fá að hringja strax í lögregluna. Nánar aðspurð um þetta þá kvaðst brotapolí á þessum tíma hafa verið búin á því andlega og hún hefði ekki haft neinu að tapa. Kvaðst brotapolí telja að heyra mætti þetta á rödd hennar í símtalinu til Neyðarlínu. Brotapoli kvaðst vera hrædd við ákærða og telja að hann hefði þráhyggju gagnvart henni.

Frekar aðspurð um fyrrgreind kynferðismök að morgni mánudagsins og hvort hún hefði verði samþykk þeim, þá greindi brotapolí nánar frá þessum atvikum og tók fram að hún hefði þarna verið hágrátandi og hallað sér upp við vegg. Þá hefði hún verið nýbúin að skyrpa blóði út um glugga eins og áður greinir. Honum hefði verið „skítsama“ um það, tekið um kinnina á henni, klippið hana og kallað hana „rítalínhóru“. Nánar aðspurð um ofbeldið tók brotapolí fram að hún hefði ekki haft neitt val, ákærði hefði tekið fast í hana og haldið henni fastri. Hann hefði síðan sagt endurtekið við hana „ég elska þig“ og farið að hafa við hana kynferðismök og hún verið grátandi á meðan. Í hennar huga hefðu

kynferðismök ekki verið leiðin til að laga málin þarna, miðað við það sem á undan var gengið. Ákærði hefði klætt hana úr stuttbuxum. Hún hefði ekki getað varist honum, hágrátið og ítrekað sagt „nei gerum þetta seinna“, en hann hefði haldið um munninn á henni, tekið annan handlegginn á henni aftur fyrir bak og haft samræði við hana í leggöng aftan frá þar sem hún lá á hliðinni. Þetta hefði varað í fimm til tíu mínútur og ákærði haft sáðlát inn í hana. Smokkur hefði ekki verið notaður. Aðspurð og vegna framburðar brotaþola hjá lögreglu þá kvaðst hún hins vegar ekki muna eftir því að ákærði hefði þreifað á kynfærum hennar.

Nánar aðspurð um meint ofbeldi alla umrædda helgi, þá greindi brotaþoli frá og lýsti því með líkamstjáningu að hún teldi að hún hefði verið slegin um fjörtíu eða fimmtíu hnefahögg. Ákærði hefði einnig tekið ítrekað um kjálkana og hálsinn og slegið hana á efri hluta höfuðsins. Flest högginn hefðu verið í andlitið en ekki á bók. Þá hefði ákærði reynt að bíta hana í kinnina neðan við eyra meðan á hinni meintu nauðgun stóð.

Nánar aðspurð um áverka þá kvaðst brotaþoli telja að skurður á framanverðu hægra læri væri ekki af völdum ákærða. Sá áverki tengdist öðrum og eldri atvikum sem H hefði komið að. Ákærði hefði ekki veitt henni skurð með hnífi umrædda helgi. Hann hefði hins vegar ógnað henni með hnífi sem hann hefði stolið frá D. Innt nánar um atvik kvað brotaþoli að sér hefði verið illt í leginu umræddan mánudagsmorgun og það hefði verið eftir hina meintu nauðgun. Þá kvaðst hún hafa verið með sár á tungu sem hún hefði örugglega fengið þegar ákærði kýldi hana. Hún hefði fundið mjög til í andlitinu, verið bólgin og átt erfitt með að hreyfa kjálkana og verið aum þar. Þá hefði hana verkjað alls staðar í líkamann.

Nánar aðspurð um hótanir þá vísaði brotaþoli til fyrrgreindra hótana ákærða þegar VoR-teymið kom að morgni mánudagsins. Þá sagði brotaþoli að ákærði hefði á sambandstímabilinu, fyrir umrædd atvik, margoft verið með margvíslegar hótanir um að skaða hana eða sig sjálfan. Brotaþoli kvaðst hins vegar ekki minnst þess að ákærði hefði ógnað henni með sprautunálum umrædda helgi.

Brotaþoli kvaðst ekki leggja fram kæru á hendur ákærða í fjárhagslegu skyni og gaf hún frekari skýringar á því. Hún kvaðst ekki hafa leitað sér sérhæfðrar aðstoðar hjá sálfræðingi eftir umrædd atvik en í því sambandi tók hún fram að hún væri í mikilli vímuefnaneyslu. Hún væri hins vegar kvíðin alla daga og hefði einkenni áfallastreitu-röskunar. Þá hefði mikið gengið á í lífi hennar eftir umrædd atvik. Hún hefði neyðst til

að vera í felum af nánar tilgreindum ástæðum, en það væri hins vegar óvíst að ákærði stæði á bak við það.

3.

Vitnið D gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið bar um að hafa verið búsettur í íbúðargámi á umræddu gámasvæði. Vitnið og ákærði hefðu búið hvor í sínum gáminum hlið við hlið. Samskipti þeirra hefðu ekki alltaf verið góð og þá hefðu þeir þekkt frá fyrri tíð. Brotapoli hefði búið með ákærða. Vitnið tók fram að G hefði búið hjá sér á þessum tíma.

Vitnið var beðinn að greina frá atvikum umrædda helgi. Hann tók fram að hann gerði sér almennt litla grein fyrir því hvað klukkan væri þegar hann væri á ferðinni. Spurt var út í atvik á laugardeginum. Í því samhengi greindi vitnið meðal annars frá því að hafa heyrt hljóð koma frá brotapolu inni í íbúðargámi hennar og ákærða. Vitnið hefði sett hljóðin í samhengi við það að ákærði væri að beita brotapolu ofbeldi en slíkt hefði áður gerst í samskiptum þeirra. Vitnið kvaðst hafa farið að íbúðargáminum og spurt hvað væri að gerast. Vitnið hefði þá haldið á tveimur öxum. Brotapoli hefði verið inni á klósetti og ákærði sagt við vitnið að brotapoli hefði skorið sig á tanni. Um tveimur eða þremur klukkustundum síðar hefði brotapoli komið hlaupandi yfir til vitnisins og talað um að ákærði væri sofnaður. Hún hefði viljað fá að sofa í íbúðargámi vitnisins. Vitnið hefði leyft henni það og G þá verið inni í gámnum. Brotapola hefði ekki liðið vel á þessum tíma. Nokkru síðar hefði ákærði komið og barið á hurðina hjá vitninu. Ákærði hefði borið sig illa og viljað fá lyf. Vitnið kvaðst hafa talað við ákærða og sagt honum að það gengi ekki lengur að hann væri að ganga í skrokk á brotapolu. Vitnið kvaðst hafa gefið ákærða lyf og sagt honum að fara til baka í gáminn sinn og að brotapoli vildi ekki tala við hann. Ákærði hefði farið burt eftir þetta samtal. Stuttu síðar hefði lögreglan komið á staðinn og handtekið vitnið. Brotapoli hefði þá enn verið inni í gámi vitnisins ásamt G. Þá hefði ákærði verið þarna fyrir utan og látið eins og hann hefði ekki gert neitt. Vitnið sagðist hafa verið æstur þegar lögreglan kom og vísaði til fyrri samskipta sinna við ákærða.

Vitnið var spurt út í atvik á sunnudeginum. Vitnið greindi meðal annars frá því að hafa komið til baka í íbúðargáminn eftir að hafa verið í haldi lögreglu um nóttina. Vitnið hefði þá komið að íbúðargámi sínum í slæmu ásigkomulagi. Hvorki G né brotapoli hefðu verið í gáminum. Vitnið hefði orðið þess áskynja að ákærði hefði brotist inn í gáminn með því að fara inn um glugga, tekið brotapolu og farið með hana yfir til sín og misþyrmt henni áfram. Þá hefði ákærði einnig beitt G ofbeldi og þefað af fingri hans þar sem hann

hefði legið við hlið brotþola í gáminum. G hefði orðið mjög hræddur við ákærða og farið. Vitnið kvaðst hafa fengið að vita nánar um þessi atvik með því að tala við G þegar þeir hittust einhverju síðar. Þá bar vitnið um það að ákærði hefði á þessum tíma meðal annars verið búinn að brjóta neðri góm vitnisins, sem hefði verið geymdur þar inni, og taka veskið og símann hans.

Vitnið bar um það að Jganga frá honum.

Vitnið kvaðst hafa reynt að tala við ákærða nokkru eftir að hafa komið að gámi sínum í rúst. Ákærði hefði sagst vera sofandi þegar vitnið kom til hans og ekki kannast við að hafa gert neitt né heldur að hann hefði stolið síma vitnisins. Vitnið hefði hins vegar ekki vitað þegar þetta var að brotþoli væri inni í gáminum hjá ákærða.

Varðandi mánudaginn þá kvaðst vitnið ekki hafa heyrt neitt í ákærða eða brotþola þann dag en orðið þess áskynja að brotþoli sat inni í lögreglubifreið.

4.

Vitnið G gaf skýrslu daginn fyrir aðalmeðferð, sbr. 5. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008. Í framburði hans kom meðal annars fram að hann hefði um nokkurra mánaða skeið búið í íbúðargámi hjá D. Vitnið kvaðst þekkja til ákærða frá því fyrir tíu árum þegar ákærði og sonur vitnisins voru félagar. Vitnið hefði komist aftur í kynni við ákærða eftir að ákærði lauk afplánun dóms í fangelsi og hann var farinn að búa í gámahúsi á svæðinu. Vitnið kvaðst hafa kynnst brotþola lítillega en hún hefði búið hjá ákærða og þau hefðu stundum komið í heimsóknir til vitnisins og D.

Vitnið kvaðst hafa komið inn í íbúðargám sinn og þá hefði brotþoli verið þar inni og sofandi uppi í rúmi. D hefði leyft henni að sofa í rúminu, sem var tvíbreitt. D hefði ekki verið á staðnum. Hann hefði verið farinn eitthvað út í bæ. Nánar aðspurður kvaðst vitnið halda að D hefði ef til vill verið farinn með lögreglunni áður en vitnið kom í gáminn og því ekki verið á staðnum. Vitnið kvaðst halda að D hefði leyft brotþola að sofa í rúminu af því hún hefði verið þreytt. Þetta hefði verið óvenjulegt, en brotþoli hefði aðeins talað um að hún væri þreytt og vildi fá að hvíla sig. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað hvort eitthvað hefði gerst hjá henni á undan. Ákærði hefði um tíma verið inni í gáminum með vitninu og brotþola en síðan farið yfir til sín. Ekkert hefði gerst eða gengið á á meðan ákærði hefði verið með þeim inni í gáminum. Brotþoli hefði verið sofandi allan tímann. Vitnið kvaðst ekki vita af hverju brotþoli fór ekki með ákærða yfir í gáminn þeirra.

Vitnið kvaðst hafa lagst til hvílu í sama rúmi og brotapolu lá í. Hún hefði verið til hliðar við hann og upp við vegg. Klukkan hefði þá verið um tvö eða þrjú um nóttina. Vitnið kvaðst hafa orðið var við ákærða fyrir utan gáminn um klukkan sex eða sjö um morguninn. Hann hefði bankað á glugga og verið að þríla fyrir utan og dottið og meitt sig. Vitnið kvaðst hafa opnað gluggann fyrir ákærða og ekki viljað að hann slasaði sig meira. Ákærði hefði þá komið inn um gluggann og hefði hvorki verið æstur né reiður. Ákærði hefði reynt að vekja brotapolu. Lýsti vitnið þessu nánar, meðal annars með líkamstjáningu og raddbreytingu, að ákærði hefði endurtekið sagt blíðlega „elskan mín“ og jafnframt klappað eða slegið brotapolu laust með flötum lófa. Brotapolu hefði vaknað og farið sjálfviljug yfir í gám hennar og ákærða. Vitnið kvaðst ekki vita hvort brotapolu hefði verið hrædd við ákærða, hún hefði ekkert sagt, risið upp úr rekkjunni og sagst vera farin yfir. Vitnið kvaðst ekki kannast við að ákærði hefði beitt brotapolu ofbeldi í þetta skipti né heldur að hann hefði beitt vitnið ofbeldi. Ákærði hefði hins vegar verið að slá hlutum til og frá með priki en vitnið kvaðst ekki vita um ástæður þess. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í skapi til að vera inni í gáminum meðan ákærði var að beita prikinu þar inni og hefði því farið á fætur, klætt sig í náttslöpp, tekið sér far með strætisvagni og farið heim til systur sinnar. Vitnið kvaðst ekki vita hvað hefði gerst eftir það hjá ákærða og brotapolu.

Vitnið kvaðst aldrei hafa séð ákærða beita brotapolu ofbeldi þessa helgi. Vitnið hefði ekki neytt áfengis eða lyfja umrædda helgi. Þá kvaðst vitnið ekki vita hvort ákærði og brotapolu hefðu verið búin að neyta einhvers. Brotapolu hefði hins vegar verið sofandi mestallan tímann. Vitnið kvaðst ekki óttast ákærða og kannaðist ekki við að ákærði hefði beitt vitnið ofbeldi né heldur að ákærði hefði verið ógnandi. Þá kvaðst vitnið ekki hafa heyrt neina háreisti eða læti frá gámi ákærða og brotapolu umrædda helgi en tók fram að hávær tónlist hefði verið í gáminum hjá D og vitninu. Vitnið kvaðst ekki muna hvaða dag umrædda helgi brotapolu var hjá þeim inni í gáminum.

Vitninu var kynnt að brotapolu hefði borið um það hjá lögreglu að ákærði hefði komið yfir í gáminn til vitnisins og D og verið æstur og rústað allt og tekið hana hálstaki svo hún missti andann og henni sortnaði fyrir augun. Vitnið kvaðst ekki kannast við þessa lýsingu brotapolu eða muna atvik með þessum hætti. Vitnið sagðist muna í þessu sambandi að hafa legið uppi í rúmi og ákærði hefði komið og hallað sér yfir vitnið og verið að reyna að vekja brotapolu. Vitnið lýsti þessu aftur með sömu raddbreytingu og látbragði og áður en tók fram að það gæti mögulega hafa verið þannig að ákærði hefði

tekið of fast á brotþola á hálsinum. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa séð ákærða taka í hálsinn á brotþola. Vitnið kvaðst heldur ekki kannast við framburð brotþola um að vitnið hefði reynt að stöðva ákærða og mikið hefði gengið á og að hún hefði hágrátið. Vitnið kvaðst ekki „muna eftir þessu sem slíku“ sem kyrkingartilraun en tók aftur fram að það gæti vel verið að ákærði hefði ekki áttað sig á því að hann væri að taka of fast á brotþola þegar hann var að strjúka henni eða klappa. Hugsanlega hefði hann ýtt á hana án þess að vitnið vissi um það en ákærði ekki áttað sig á því hvað hann væri „harður“. Vitnið kvaðst kannast við framburð sinn hjá lögreglu um að ákærði hefði komið inn í gáminn og þefað af fingri vitnisins. Vitnið skýrði þessa háttsemi ákærða svo að hann hefði verið að athuga hvort vitnið hefði verið með puttann inni á buxunum á brotþola en svo hefði ekki verið. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna eftir því að ákærði hefði rekið sig í gagnaugað á vitninu þrátt fyrir að það hefði komið fram við skýrslugjöf vitnisins hjá lögreglu.

5.

Vitnið B bar meðal annars um að hafa laugardaginn 5. október 2019, ásamt félaganum, C, verið í nágrenni við umrædda íbúðagáma. Þeir hefðu komið á bifreið og verið að undirbúa myndatökur þegar maður sem hafi sagst heita X eða „X“ hefði komið til þeirra. Hann hefði komið til þeirra á reiðhjóli og hallað sér niður og þeir ekki séð vel framan í hann. Maðurinn hefði virst vera með einhvern járnhlut innanklæða á sér. Það hefði verið kúbein, öxi eða eitthvað álíka en vitnið tók fram að félagi vitnisins hefði talið að um væri að ræða öxi. Maðurinn hefði verið í annarlegu ástandi, skjálfandi og varla getað staðið í fæturna. Þeir hefðu í fyrstu ekki skilið hvað hann var að segja. Þá hefði hann haldið á hálffullum plastbrúsa með gulum vökva í, landabrúsa. Vitnið og félaginn hefðu beðið manninn að setjast niður þar sem þeir hefðu óttast að hann myndi detta niður á jörðina. Þeir hefðu spurt hann hvað væri að og hann svarað því að einhver væri með konuna hans inni í einum íbúðargámanna. Maðurinn hefði klárað að drekka úr brúsanum á meðan þeir voru að tala við hann. Maðurinn hefði sagt við þá að hann gæti drepíð konuna sem væri inni í gáminum og hefði hann talað um að hún væri konan hans og að hún væri að halda fram hjá honum. Þeir hefðu viljað trufla manninn í þessu tali og spurt hann hvort þeir gætu fylgt honum heim og hann svarað því að hann byggi í einum gámanna. Maðurinn hefði verið í uppnámi og verið við það að bresta í grát. Þeir hefðu fylgt manninum að gáminum en þá hefðu þeir farið að heyra brothljóð og síðan öskur

konu koma frá einum gáminum. Þetta hefði verið skelfingaröskur frá konu eins og væri verið að misþyrma henni, ekki öskur eins og í tengslum við rifrildi. Vitnið og félaginn hefðu haft miklar áhyggjur af þessum hljóðum en ekki séð inn í gáminn. Þeir hefðu heyrt þetta betur þegar þeir nálguðust gáminn og síðan gengið til baka og á leiðinni hringt á lögreglu. Á meðan þeir biðu eftir lögreglu og þegar hún var að koma hefðu þeir einnig heyrt öskur í karlmanni í gáminum. Maðurinn sem þeir hittu þarna áður hefði komið aftur til þeirra á meðan þeir biðu eftir lögreglu. Hann hefði ekki viljað að þeir hringdu á lögreglu en þeir hefðu beðið hann að setjast niður. Lögregla hefði síðan komið á staðinn og rætt við vitnið og féлага vitnisins og þeim verið leyft að fara.

6.

Vitnið C bar meðal annars um að hafa laugardaginn 5. október 2019 verið með féлага sínum, B, í nágrenni við umrædda íbúðargáma. Þeir hefðu komið á bifreið og ætlað að taka ljósmyndir á svæðinu. Þeir hefðu lagt bifreiðinni og gengið nokkur skref að gámunum. Maður hefði komið til þeirra á reiðhjóli. Hann hefði sagst heita „X“. Maðurinn hefði verið mjög ölvaður og haldið á landabrusa. Þá hefði maðurinn verið með kúbein eða eitthvað annað, það hefðu verið tveir járnhlutir. Maðurinn hefði farið að tala um að kærastan hans væri að halda fram hjá honum og að hann ætlaði að drepa manninn sem hún væri að halda fram hjá með eða að hann ætlaði að drepa konuna. Vitnið kvaðst ekki muna þetta tal hans nákvæmlega en hann hefði sagt svona hluti og grátið þess á milli. Maðurinn hefði verið í miklu uppnámi, reiður og miklar tilfinningar verið hjá honum. Vitnið og félagi vitnisins hefðu ákveðið að ganga með manninum að gámasvæðinu. Þeir hefðu heyrt konu öskra á hjálp í einum gáminum. Vitnið kvaðst einnig hafa heyrt hávært brothljóð eins og eitthvað úr gleri væri að brotna. Einnig hefði vitnið heyrt öskur frá karlmanni inni í gáminum. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð inn í gáminn. Vitnið kvaðst hafa sagt að þeir ætluðu að fara til baka í bifreiðina og þeir gert það. Maðurinn sem þeir hefðu fylgt að gáminum hefði hins vegar elt þá til baka. Þeir hefðu á þessum tíma hringt á lögregluna. Lögreglan hefði komið á staðinn og þá hefði maður með sítt hár komið út úr gáminum og öskrað á lögregluna að „drulla sér“ burt en hann hefði hins vegar ekki gert neitt. Sá maður hefði verið handtekinn og lögreglan stöðvað það sem hefði verið að gerast í gáminum. Lögreglan hefði síðan komið til vitnisins og félagans og spurt hvort þeir þekktu „X“ og þeir svarað því neitandi. Lögreglan hefði þá leyft þeim að fara af staðnum.

7.

Lögreglumaður nr. 1509 gaf skýrslu vitnis símleiðis og greindi frá aðkomu sinni að málinu. Vitnið kvaðst hafa farið ásamt öðrum lögreglumanni laugardaginn 5. október 2019 að íbúðargámi D á umræddu gámasvæði. Tílefnið hefði verið tilkynning sem barst um læti eða öskur sem hefðu borist frá einum gáminum. D hefði verið inni í gáminum en þeir séð hann í gegnum glugga og heyrt í honum. D hefði verið öskrandi og sveiflað tveimur öxum kringum sig. Þeir hefðu ekki séð strax hvort einhver væri inni hjá honum. Starfsfélagi vitnisins hefði farið bak við gáminn og fylgst með D inn um glugga og þeir skorað á hann að leggja frá sér axirnar, koma út og opna fyrir lögreglu. D hefði lagt axirnar frá sér en verið æstur og órólegur. Hann hefði síðan komið og opnað fyrir vitninu. Rætt hefði verið við D og reynt að fá upplýsingar frá honum um hvað gengi á. D hefði því verið leiddur aðeins frá gáminum en takmarkaðar upplýsingar hefðu fengist frá honum um hvað hefði gerst. Hann hefði talað um eitthvert ósætti milli sín og ákærða og að það snerist að einhverju leyti um kærustu ákærða. D hefði fundist vera farið illa með hana eða eitthvað álíka. Vitnið og starfsfélagi vitnisins hefðu einnig rætt við brotþola inni í gáminum. Hún hefði sagst vera kærasta ákærða en að hún vildi ekkert með hann hafa. Brotþoli hefði virst vera í lagi líkamlega en hún hefði hins vegar verið sljó og virst vera búin að taka inn einhver efni. Hún hefði verið hvött til að segja lögreglu hvað hefði gerst en það hefði ekki skilað árangri. Lögreglan hefði leyst úr málinu með þeim hætti að brotþoli fékk að gista í gámi D, með hans samþykki. Þá hefðu ákærða verið gefin fyrirmæli um að láta brotþola í friði og fara af staðnum. Ákærði hefði hlýtt því og farið sína leið. Brotþoli hefði verið sátt við ráðstafanir lögreglu en henni hefði jafnframt verið leiðbeint um að hafa samband aftur ef eitthvað væri að. D hefði verið handtekinn og fluttur á lögreglustöð af öðrum lögreglumönnum sem komu á staðinn. Hann hefði verið handtekinn og vistaður í fangageymslu þar sem hann hefði verið æstur og ekki farið að fyrirmælum lögreglu. Vitnið kannaðist við að mikil óreiða og drasl hefði verið inni í gáminum hjá D en slíkt hefði ekki verið óvenjulegt miðað við fyrri afskipti af íbúum á gámasvæðinu.

8.

Vitnið J bar meðal annars um að hafa komið á umrætt gámasvæði fyrstu helgina í október 2019. Vitnið kvaðst hafa komið á svæðið til að heimsækja kunningja, D, sem þar hefði verið búsettur. Vitnið hefði komið í þeim tilgangi að gleðja D og bjóða honum

eitthvað sem vitnið hefði verið með á sér. Vitnið hefði til að byrja með verið inni í gáminum hjá D en hann hefði allt í einu tryllst, tekið upp öxi og rekið vitnið út. Kvaðst vitnið halda að það hefði gerst af því að D hefði verið að borða sveppi. Vitnið kvaðst þá hafa farið yfir í íbúðargáminn hjá ákærða og brotþola og spurt þau hvort það mætti bjóða þeim eitthvað. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða frá árinu 2007 en hins vegar lítið þekkja brotþola. Vitnið kvaðst hafa verið um eina klukkustund á staðnum og ekki hafa orðið var við neitt ofbeldi eða hótanir á þeim tíma og hvorki ákærði né brotþoli hefðu verið með áverka. Allt hefði verið í rólegheitum að öðru leyti og ekkert markvert gerst. Vitnið kannaðist ekki við að ákærði og brotþoli hefðu haft kynmök eða að einhverjar kynferðislegar athafnir hefðu átt sér stað á meðan vitnið var í gáminum hjá þeim. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða nauðga brotþola. Vitnið kannaðist ekki við að brotþoli hefði vikið frá og reynt að hengja sig. Vitnið bar hins vegar um að brotþoli hefði farið inn á klósett og læst að sér í stutta stund en það hefði hún gert til að fá sér efni. Vitnið hefði ekki heyrt neinn grát eða orðið þess áskynja að eitthvað væri að. Vitnið kvaðst hafa farið af staðnum og ekki komið aftur á gámasvæðið þessa helgi. Aðspurður kvaðst hann ekki vita hvaða dag umrædda helgi hann hefði komið á staðinn. Því til skýringar vísaði vitnið til ástands síns á þessum tíma. Vitnið vísaði alfarið á bug atriðum úr skýrslu brotþola hjá lögreglu um að vitnið hefði verið á staðnum þegar hluti meintra brota hefði verið framinn.

9.

Vitnið F kvaðst hafa búið í íbúðargámi á umræddu svæði í um tvö ár. Ákærði og brotþoli hefðu búið í íbúðargámi við hliðina á vitninu. Vitnið kvaðst vita lítið um umrædd atvik þar sem hann hefði ekki verið heima hjá sér umrædda helgi. Vitnið kvaðst hafa verið nýkominn heim og vaknað við það að brotþoli stóð fyrir utan glugga á íbúðargámi vitnisins og spurði hvort hún mætti koma inn. Vitnið hefði leyft henni það. Brotþoli hefði beðið um að fá lánaðan síma til að hringja á lögreglu. Vitnið hefði lánað henni símann og hún hringt á lögreglu. Brotþoli hefði þarna verið í miklu uppnámi og virst vera hrædd. Hún hefði verið hljóð og inn í sig eins og hún væri hrædd. Brotþoli hefði óljóst talað um að ákærði hefði verið að gera henni eitthvað og hún væri að hringja í lögregluna út af því. Brotþoli hefði verið nær gráti allan tímann. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áverka á brotþola og ekki orðið var við að hún kvartaði undan verkjum eða að henni væri illt eða neitt slíkt. Vitnið kvaðst ekki muna hversu lengi hann hefði verið

búinn að sofa þegar brotaþoli kom umræddan morgun. Nánar aðspurður kvaðst vitnið halda að hann hefði komið heim til sín daginn áður en hann hefði hins vegar ekki orðið var við neitt. Vitnið kvaðst hafa talað við aðra íbúa á gámasvæðinu eftir umrædd atvik, þar með talið umræddan mánudag. Ýmislegt hefði komið fram um hvað hefði gerst, meðal annars að ákærði hefði ráðist á G. Vitnið tók fram að margt hefði verið sagt um umrædd atvik og kvaðst ekki muna þær frásagnir vel. Vitnið kannaðist ekki við ummæli, höfð eftir vitninu úr skýrslu hjá lögreglu, um að brotaþoli hefði umræddan morgun verið eins og hún væri á „cracking lyfjum“.

10.

Vitnið E gerði almenna grein fyrir starfsemi VoR-teymis Reykjavíkurborgar, þar með talið almennri þjónustu við skjólstaðinga teymisins. Í framburði vitnisins kom meðal annars fram að ákærði hefði verið skjólstaðingur teymisins. VoR-teymið hefði komið með lyf til ákærða alla virka daga en lyf fyrir helgina hefðu verið afhent á föstudegi. Vitnið hefði ásamt öðrum starfsmanni teymisins komið að íbúðargámi ákærða að morgni mánudagsins 7. október 2019 um klukkan níu til að færa honum lyf. Vitnið hefði bankað upp á hjá ákærða og hann komið til dyra. Ákærði hefði verið alveg nakinn og grátandi. Ákærði hefði talað um að brotaþoli hefði stolið frá sér síma. Þá hefði verið óvenjulegt að ákærði væri grátandi og einnig að hann væri nakinn. Vitnið hefði litið stuttlega inn í gáminn og séð rétt glitta í aðra manneskju sitjandi eða í hnipri þar inni og hún hefði ekkert sagt. Vitnið hefði á þeim tíma ekki borið kennsl á viðkomandi manneskju en hefði síðar frétt að það hefði verið brotaþoli. Þá hefði vitnið tekið eftir því að mikil óreiða var inni í gáminum. Ákærði hefði beðið vitnið að hjálpa sér en vitnið kvaðst ekki hafa viljað fara inn og hörfað frá gáminum. Ákærði hefði stuttu síðar komið í bifreið VoR-teymisins og þá verið skólaus. Ákærði hefði verið svangur og ætlunin hefði verið að fara með hann á tiltekna kaffistofu en það hefði ekki verið hægt þar sem hún hefði verið lokuð. Vitnið og samstarfsmaður vitnisins hefðu farið með ákærða að lúgu-sjoppu við Sæbraut þar sem ákærði hefði keypt sér sælgæti. Þá hefði ákærði ætlað að kaupa sér mat á pítsustað á Granda en þar hefði ekki heldur verið búið að opna. Ætlunin hefði verið að fara til baka á gámasvæðið en þegar þangað var komið hefðu þeir tekið eftir lögreglubifreiðum og sjúkrabifreið á svæðinu, við íbúðargáminn hjá ákærða. Ákærði hefði þá orðið mjög æstur og reiður og ekki viljað að farið yrði þangað. Vitnið hefði ekki viljað taka neina áhættu með ákærða. Bifreiðinni hefði því verið snúið við og farið til

baka á pítsustaðinn. Starfsfélagi vitnisins hefði farið inn á staðinn og sótt pítsuna. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hvort ákærði eða einhver annar hefði verið búinn að panta pítsuna áður símleiðis. Í framhaldi hefði ákærða verið ekið, að hans beiðni, á M en þar hefði hann ætlað að hitta vin sinn. Ákærði hefði verið í um 30 mínútur með VoR-teyminu umræddan morgun. Vitnið kvaðst í framhaldi hafa hringt í lögreglu og farið og hitt lögreglumenn á [...] og veitt upplýsingar um hvar ákærða væri að finna. Vitnið kvaðst þekkja til brotþola en hún hefði einnig verið skjólstæðingur VoR-teymisins. Þá kvaðst vitnið hafa frétt það frá samstarfsfólki sem hefði heimsótt brotþola á sjúkrahús, eftir umrædd atvik, að hún hefði verið hrædd um að ákærði myndi gera VoR-teyminu eitthvað þegar það kom til hans fyrrgreindan mánudagsmorgun. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið var við að ákærði væri að neyta fíkniefna á því fjögurra vikna tímabili sem vitnið kom að málum ákærða eða að hann hefði verið með slík efni á sér umræddan mánudagsmorgun. Þá hefði vitnið ekki orðið var við ofbeldishegðun hjá ákærða á því tímabili en hins vegar heyrt sögur um slíka hegðun hjá ákærða áður. Vitnið staðfesti framburð sinn hjá lögreglu og kvaðst hafa munað betur eftir atvikum á þeim tíma.

11.

Lögregluvarðstjóri nr. 0207 gaf skýrslu vitnis og greindi frá aðkomu sinni að málinu og staðfesti frumskýrslu. Vitnið kvaðst hafa brugðist við útkalli að morgni mánudagsins 7. október 2019. Vitnið hefði verið á vakt í nágrenninu á lögreglubifreið og komið fyrst á staðinn. Hún hefði verið ein í þessu útkalli en fleiri lögreglumenn verið á leiðinni í öðrum lögreglubifreiðum. Vitnið hefði farið inn í íbúðargám F og brotþoli hefði verið hjá honum. Lítið hefði verið hægt að ræða við F vegna vímuástands. Brotþoli hefði verið mjög hrædd og haft orð á því að hún þyrði ekki að vera ein með vitninu því hún væri svo hrædd um að ákærði kæmi til baka. Vitnið kvaðst hafa fengið brotþola til að fylgja sér í lögreglubifreið og þær myndu læsa að sér þar til fleiri lögreglumenn kæmu á staðinn.

Áverkarnir sem brotþoli hefði verið með hefðu verið vitninu sérstaklega minnisstæðir. Hún hefði verið öll stíf í kjálkunum, átt erfitt með að tala og kveinkað sér vegna eymsla í kjálkunum. Vitnið hefði á tímabili haldið að brotþoli væri kinnbeinsbrotin. Brotþoli hefði einnig verið blóðug í andlitinu í kringum nef og munn. Þá hefði brotþola verið mjög illt að neðan í kynfærunum og átt erfitt með gang af þeim ástæðum. Lítið hefði verið hægt að ræða við brotþola þar sem hún hefði greinilega verið mjög skelkuð

og ljóst hefði verið að hún hefði orðið fyrir einhverju áfalli. Brotapoli hefði talað um að ákærði hefði barið hana í höfuðið og nauðgað henni. Vitnið kvaðst hafa skilið þetta þannig að það hefði gerst stuttu áður en vitnið kom á staðinn. Brotapoli hefði ekki lýst fleiru en vitnið tók fram að hún hefði ekki verið í góðu ástandi til að ræða þessi atvik. Þá hefði brotapolí greint frá því að ákærði hefði farið af svæðinu til þess að fara að fá sér að borða en að hann ætlaði að koma til baka. Brotapoli hefði augljóslega verið mjög hrædd við ákærða og henni legið á að komast burt.

Vitnið hefði látið aðra lögreglumenn vita að ákærði hefði farið og fengið sér að borða. Lögregla hefði því reynt að leita að ákærða í nágrenninu. Brotapoli hefði stuttu síðar verið send með sjúkrabifreið á Landspítalann. Vitnið hefði verið áfram á staðnum og farið með öðrum lögreglumönnum inn í íbúðargám ákærða til að athuga hvort hann væri þar að finna en svo hefði ekki verið. Aðkoman þar inni hefði verið ömurleg, allt verið á hvolfi og mikið drasl. Nokkru síðar hefði starfsmaður á vegum Reykjavíkurborgar komið á staðinn og veitt upplýsingar um að hann hefði ásamt öðrum borgarstarfsmanni komið nokkru áður og farið með ákærða í bifreið til að gefa honum að borða. Ákærði hefði þá verði grátandi og svangur. Þegar þeir hefðu komið til baka og séð lögreglu á staðnum hefði ákærði orðið brjáláður í bifreiðinni og viljað að farið yrði með hann annað. Þessu til viðbótar greindi vitnið frá því að tveir rannsakendur frá miðlægri rannsóknardeild lögreglu hefðu komið á staðinn og tekið við stjórn rannsóknar og þeir síðan farið og rætt við brotapolá á Landspítalanum.

12.

L læknir gaf skýrslu vitnis símleiddis og greindi frá aðkomu sinni að því þegar brotapolí kom á neyðarmóttöku mánudaginn 7. október 2019. Vitnið vísaði að mestu til skýrslu neyðarmóttöku varðandi frásögn sjúklings, líkamlegt og andlegt ástand, líðan og áverka, sbr. fyrri umfjöllun í lið II/4. Vitnið kvaðst að nokkru hafa stuðst við fyrri nótur varðandi hvað hefði gerst og spurt brotapolá hvort sú saga væri rétt. Brotapoli hefði veitt viðbótarupplýsingar við skoðun og sýnatöku og þeirra upplýsinga væri getið í skýrslu neyðarmóttöku, svo sem um einstök atriði í tengslum við áverkalýsingar. Vitnið kvað brotapolá ekki hafa sagt við læknisskoðun að hún hefði reynt að hengja sig sunnudaginn 6. október 2019. Þær upplýsingar, hefðu þær komið fram, hefðu getað leitt til annarra ályktana í skýrslu neyðarmóttöku varðandi einstaka áverka. Nánar aðspurð taldi vitnið að það gæti til að mynda átt við um sár á tungu, punktblæðingu á fremri vör, föla

roðaflekki á hálsi og áverka á kjálka. Vitnið kvaðst líka telja, aðspurð, að þeir áverkar gætu allt eins verið vegna kyrkingartilraunar eða einhvers annars sem ekki hefði verið upplýst um. Varðandi ályktanir um marbletti og aðra yfirborðsáverka, til að mynda í andliti, vísaði vitnið til frásagnar brotaþola en kvaðst ekki treysta sér til að draga aðrar ályktanir um það hvort meiri bólga eða fleiri maráverkar hefðu átt að koma fram miðað við lýsingu brotaþola. Vitnið kvaðst ekki hafa nægjanlegar forsendur til að segja til um slíkt. Þessu tengt tók vitnið fram að brotaþoli hefði verið aum í kjálkunum við lækni-skoðun. Aðspurð um það hvort marblettir brotaþola gætu fremur skýrst af næringarskorti og neyslu eiturlyfja en ofbeldi, þá tók vitnið fram að marblettir á brotaþola hefðu verið „ansi margir“. Vitnið hefði því tekið fram í skýrslunni að þeir væru fjölmargir í stað þess að telja þá. Næringarástand hjá sjúklingi gæti almennt haft áhrif á stærð marbletta en sjúklingur þyrfti að vera í mjög slæmu líkamlegu ástandi ef marblettur ætti að myndast án þess að eitthvað hefði komið fyrir hann. Vitnið greindi með almennum hætti frá litum á marblettum og hvernig hann tæki breytingum í tíma. Vitnið kvaðst hins vegar ekki treysta sér til að segja til um aldur á marblettunum á brotaþola. Aðspurð greindi vitnið frá því að ekki væri óeðlilegt þótt ekki sæjust áverkar á kynfærum eftir nauðgun. Þá greindi vitnið frá því, aðspurð, að einkenni brotaþola, sem tilgreind væru í skýrslu neyðarmóttöku, gætu samrýmst frásögn brotaþola enda væri það tekið fram í skýrslunni. Það væri hins vegar einungis út frá þeirri frásögn sem komið hefði fram hjá brotaþola við umrædda skoðun. Vitnið staðfesti skýrslu neyðarmóttöku, dags. 7. október 2019, sem fylgdi gögnum til lögreglu.

13.

R hjúkrunarfræðingur gaf skýrslu vitnis og greindi meðal annars frá því að brotaþoli hefði komið inn á bráðadeild undir hádegi mánudaginn 7. október 2019. Vitnið hefði hitt brotaþola um klukkan þrjú sama dag. Brotaþoli hefði verið mjög þreytt og legið á bekk. Hún hefði verið rám og henni verið illt í hálsinum. Hún hefði greint vitninu frá því að það væri vegna þess að ákærði hefði tekið hana hálstaki. Vitnið hefði flutt brotaþola í hjólastól yfir í herbergi neyðarmóttöku og verið hjá henni á meðan læknir sinnti henni. Brotaþoli hefði verið mjög aum að neðan við kvenskoðun og aum í leginu. Þá hefði hún átt erfitt með gang. Vitnið kvaðst hafa séð áverka á brotaþola og tekið ljósmyndir af þeim. Brotaþoli hefði verið kvíðin og hrædd og talað um að gerandi næði alltaf til hennar þrátt fyrir að hún reyndi að komast frá honum. Hrollur og kuldi hefði verið í brotaþola,

hún hefði skolfið og vafið sig inn í sæng. Henni hefði verið illt í höfðinu og liðið illa. Þá hefði henni verið óglatt um tíma. Brotapoli hefði sýnt ýmis áfallaviðbrögð og verið í óvissu um hvað tæki við. Brotapoli hefði greint frá því sem hefði gerst og vitnið hefði skráð frásögn hennar í skýrslu hjúkrunarfræðings sem fylgdi gögnum neyðarmóttöku til lögreglu. Brotapoli hefði verið skýr og hispurslaus í frásögn. Hefði hún meðal annars greint frá kynferðislegu ofbeldi en einnig frá öðru ofbeldi daginn áður. Brotapoli hefði meðal annars talað um að hafa verið slegin margsinnis í höfuðið og að henni hefði verið haldið nauðugri á staðnum og hún ekki komist burt. Brotapoli hefði verið þreytt á þessum tíma en ekki verið farin í fráhvörf. Hún hefði hins vegar talað um að hún færi bráðum í fráhvörf. Vitnið kvaðst aðspurð ekki vita hvort brotapoli hefði talað um hvort smokkur hefði verið notaður en mögulega hefði verið gerð villa um það í staðlaðri skráningu í skýrslu vitnisins sem fylgdi gögnum neyðarmóttöku. Vitnið kvaðst í gengnum tíðina hafa tekið á móti mörgum ungum konum í virkri vímuefnaneyslu sem hefðu leitað á neyðarmóttöku. Brotapoli hefði verið mjög skýr í frásögn. Aðspurð kannaðist vitnið ekki við að brotapoli hefði sagst hafa reynt að hengja sig daginn áður. Aðspurð bar vitnið um að mál þetta hefði að mörgu leyti skorið sig frá mörgum öðrum málum sem vitnið hefði komið að í gengnum tíðina við störf sín á neyðarmóttöku. Málið væri eitt það alvarlegasta miðað við áverka, vanlíðan og frásögn brotapola af atvikum. Þá hefði vitnið áttað sig á því að brotapoli þyrfti að komast í öruggt skjól. Vitnið staðfesti skýrslu sína og ljósmyndir sem fylgdu gögnum neyðarmóttöku til lögreglu.

14.

S, réttarmeinafræðingur við meinafræðideild Landspítalans, gaf skýrslu vitnis og staðfesti og gerði í meginatriðum grein fyrir helstu atriðum og niðurstöðum matsgerðar, dags. 15. október 2019. Í skýrslu vitnisins kom meðal annars fram að hann hefði framkvæmt réttarlæknisfræðilega skoðun á brotapola. Skoðunin hefði verið gerð 8. október 2019 á meðan brotapoli var innlögð á Landspítalanum. Þá kvaðst vitnið hafa tekið ljósmyndir af áverkum brotapola, auk þess sem vitnið hefði haft fjölda ljósmynda sem teknar hefðu verið á neyðarmóttöku daginn áður. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt sérstaklega við brotapola um hvað hefði gerst en þær upplýsingar hefði vitnið fengið frá lögreglu. Brotapoli hefði verið með fjölmarga áverka á ýmsum svæðum og af ólíkum gerðum. Miðað við hvernig áverkarnir hefðu litið út og hvar þeir hefðu verið staðsettir þá hefðu þeir í heild sinni verið eins og sjá mætti á fólki sem hefði orðið fyrir árás. Vitnið

studdist við matsgerðina við skýrslugjöfina og gerði grein fyrir áverkum og tilurð þeirra eins og nánar hefur verið rakið í lið II/5.

Varðandi punktblæðingar þá kvaðst vitnið telja, aðspurður, að þær blæðingar gætu líka skýrst af því að brotaþoli hefði sett reipi eða snöru um hálsinn á sér og fengið á sig aðþrengjandi kraft úr því. Vitnið tók fram að brotaþoli hefði ekki verið með neina áverka á hálsinum út frá ljósmyndum en það útilokaði hins vegar hvorki svokallað kverkatak né heldur tilraun til hengingar með snöru.

Varðandi áverka sem gætu bent til þvingaðs samræðis þá greindi vitnið frá því að þar væri fyrst og fremst um að ræða marbletti á innanverðum lærum og skrámur á hægri læri. Skráman hefði verið efst á innanverðu hægri lærinu, rétt við kynfærin. Áverkarnir gætu bent til þess að einhver hefði reynt að komast að kynfærum brotaþola. Þá kvaðst vitnið hafa fengið upplýsingar um að ekki væru áverkarnir á kynfærum brotaþola. Þetta áverkamyndir væri til dæmis unnt að sjá í tengslum við nauðgun.

Varðandi aldur áverkanna þá bar vitnið um það að þeir hefðu ekki verið algjörlega ferskir. Vitnið hefði fengið þær upplýsingar frá lögreglu að atvik hefðu átt sér stað á tímabili frá 4. til 7. október 2019. Áverkarnir hefðu getað samrýmst þeim tímaramma en þá heldur nær byrjun þess tímabils. Hið sama ætti við um tímarammann 5.–7. sama mánaðar. Skráman hefði verið byrjuð að gróa og það gæti fremur bent til þess að hún hefði orðið til 5. eða 6. október 2019 en 7. sama mánaðar. Marblettir hefðu sumir verið farnir að sýna brúnan lit og út í grænan tón en að minnsta kosti átján klukkustundir þyrftu að líða til að ná þeirri litbreytingu.

Nánar varðandi lit á marblettum þá kom fram að marblettur sem væri brúnn eða bleikur gæti myndast strax eftir atburð en það tæki hins vegar um átján klukkustundir fyrir marblett að verða gulur. Brúnn litur segði lítið til um aldur áverka. Alls konar þættir gætu haft áhrif á myndun marbletta, meðal annars neysla eiturfjafa og næringarskortur. Í fræðunum væri vel þekkt að alls konar þættir gætu haft áhrif á það hvort marblettir yrðu til og hvernig þeir þróuðust. Lítið væri hins vegar vitað um hvernig eða hvaða áhrif það hefði og talsvert flókið væri að segja til um aldur marbletta. Í raun væri í fræðunum lítið vitað um það hvernig þeir eltust og hvernig þeir mynduðust og það gæti verið mismunandi eftir einstaklingum. Þá kvaðst vitnið telja að manneskja í eiturfjafaneyslu væri ekki endilega útsettari fyrir marblettum en manneskja sem væri ekki í slíkri neyslu.

Varðandi ætlaða hengingartilraun og sár á tungu brotaþola þá kvaðst vitnið telja að ekki væri unnt að útiloka að þau sár hefðu myndast við slíkan atburð. Hið sama væri að

segja um punktblæðingar, eins og áður greinir. Hengingartilraun hefði hins vegar ekki valdið áverka á kjálka brotþola.

Varðandi áverka á höfði, mar á gagnauga og fleira þá kom fram hjá vitninu að ekki væri víst að fullkomið samræmi væri í fjölda áverka og fjölda högga þar sem ekki væri víst að áverki sæist eftir hvert högg. Höggin hefðu þannig getað verið fleiri.

15.

Rannsóknarlögreglumaður nr. 9931 við tæknideild gaf skýrslu vitnis og greindi frá aðkomu sinni að rannsókn málsins og staðfesti skýrslu tæknideildar. Vitnið kvaðst hafa farið í íbúðargám ákærða við byrjun rannsóknar. Mikil óreiða hefði verið á staðnum. Lagt hefði verið hald á sakargögn sem nánar greinir í skýrslum og ljósmyndum tæknideildar. Í því sambandi hefði meðal annars verið lagt hald á blóðugan pappír af dýnu sem hefði verið á gólfinu. Vitnið hefði einnig komið á staðinn daginn eftir til að afla frekari sakargagna. Tilefnið hefði verið upplýsingar sem hefðu komið fram við skýrslutöku um að brotþoli hefði hrækt blóði út um glugga. Fyrir utan gáminn neðan við glugga hefðu reynst vera ummerki um blóð og slef og hefði vitnið tekið stroksýni úr þeim ummerkjum. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir bandi eða snúru þegar við störf sín á staðnum. Þá hefði tæknideild ekki gert sérstaka leit að áhöldum eða vopnum þar sem upplýsingar hefðu ekki legið fyrir á þeim tíma um neitt slíkt. Rannsókn tæknideildar hefði aðeins tekið til fyrrgreinds íbúðargáms en ekki annarra nálægra gáma.

16.

Lögreglufulltrúi nr. 0509 við miðlæga rannsóknardeild gaf skýrslu vitnis og kvaðst hafa hitt brotþola, ásamt rannsóknarlögreglumanni, á bráðamóttöku Landspítalans við byrjun rannsóknar. Á þeim tíma hefði lögregla leitast við að ná utan um málið og átta sig á því hvað hefði gerst. Erfiðlega hefði gengið að ræða við brotþola á þessum tíma og tal hennar hefði verið samhengislaust og ruglingslegt. Samtal hennar við rannsakendur hefði verið stutt í þetta skipti. Brotþoli hefði kvartað yfir verkjum og beðið um verkjalyf. Hún hefði verið í miklu uppnámi, grátið og henni liðið mjög illa.

Vitnið gerði grein fyrir vinnulagi lögreglu við rannsókn málsins, verkstjórn, verkskiptingu, samvinnu og fleira í þeim dúr. Vitnið kvaðst ekki geta veitt upplýsingar um það hvort lögregla hefði beint rannsókninni að manni með nafnið „J“ sem brotþoli hefði sagt við skýrslutöku hjá lögreglu að hefði verið viðstaddur hluta þess tíma sem meint

brot áttu sér stað. Vitnið gat ekki skýrt hvort upplýsingum um meinta hengingartilraun brotþola hefði verið miðlað til réttarmeinafræðings eða lækna sem komu að rannsókn málsins. Vitnið kvaðst hins vegar hafa farið með tæknideild í íbúðargám ákærða, á síðari stigum rannsóknarinnar, til að athuga hvort þar væri að finna band eða reipi en svo hefði ekki verið. Á þeim tíma hefði verið búið að hreinsa út úr gáminum og ekkert verið þar inni. Þá hefðu vitnið fengið að vita hjá E, starfsmanni VoR-teymisins, að ljósmyndir hefðu verið teknar inni í gáminum áður en hreinsun átti sér stað en myndirnar hefðu hins vegar aldrei borist til lögreglu. Vitnið kvaðst ekki telja að vísbendingar hefðu komið fram við rannsókn málsins um það að meint brot hefðu ef til vill að einhverju leyti átt sér stað inni í gámi vitnisins D. Af þeim ástæðum hefði sá gámur ekki verið rannsakaður. Reynt hefði verið að leita að hnífi eða öðru eggvopni í gámi ákærða en engir slíkir munir fundist. Þá hefði upplýsingum um hárflygsur úr brotþola sem kynnu að vera í gámi ákærða verið miðlað til tæknideildar en ekkert slíkt hefði fundist við rannsókn tæknideildar. Vitnið kvaðst ekki muna hvort athugað hefði verið með vitni að nafni Í, sem ákærði hefði nefnt með óljósum hætti við skýrslutöku hjá lögreglu. Vitnið sagði að fíkniefnaneytendur, og þá sérstaklega konur í fíkniefnaneyslu, væru almennt taldir vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Tekið hefði verið tillit til þess við rannsókn málsins en rannsókn hefði að öðru leyti verið eins og almennt tíðkaðist hjá lögreglu í málum af þessum toga.

17.

Vitnið H kvaðst þekkja til brotþola þar sem hún ætti börn með bróður vitnisins. Vitnið kannaðist ekki við að hafa verið í neinum samskiptum við brotþola, þar með talið í lok september 2019 eða byrjun október sama ár. Vitnið kvaðst ekki kannast við að hafa valdið neinum áverkum á brotþola eða slegið hana. Vitnið kvaðst ekki hafa búið í N en hins vegar kannast við að hafa verið þar í nokkur skipti í heimsóknum hjá vini sínum. Þá kannaðist vitnið ekki við að þekkja eða hafa verið í neinum samskiptum við ákærða.

18.

T, hjúkrunarfræðingur við VoR-teymi, gaf skýrslu vitnis. Vitnið kvaðst hafa sinnt brotþola frá því í október 2019, eftir að meint brot hefðu átt sér stað. Vitnið hefði aðstoðað brotþola við að sækja sér heilbrigðisþjónustu og að sinna lyfjameðferð. Það hefði gengið mjög vel. Vitnið hefði einnig aðstoðað brotþola í samskiptum við

félagsráðgjafa og aðstoðað hana við að sækja sér félagslega þjónustu. Fram kom hjá vitninu að brotþoli væri heimilislaus, byggji við mjög ótryggar aðstæður en hefði reynt að eiga sér athvarf. Það hefði ekki alltaf verið auðvelt og ýmislegt gengið á í lífi hennar. Brotþoli hefði engu að síður staðið sig mjög vel í því að sinna því sem hún þyrfti að sinna. Brotþoli væri að bíða eftir úthlutun sérstæks búsetuúrræðis á vegum Reykjavíkurborgar. Núverandi staða brotþola væri þannig að ekki væri hægt að ráðleggja henni að leita sér sálrænnar aðstoðar. Það væri ekki vinna sem hægt væri að leggja á hana í dag, fyrst þyrfti hún að eiga sér öruggt heimili og vita hvar hún ætti að sofa á nóttunni. Þessu til viðbótar staðfesti vitnið vottorð sem hún ritaði ásamt félagsráðgjafa VoR-teymis, dags. 17. janúar 2020.

IV.

Niðurstöður:

1.

Ákærði neitar sök. Ítarlega hefur verið gerð grein fyrir framburði ákærða og brotþola fyrir dómi, auk annarra vitna, sbr. III. kafla. Þá hefur að nokkru verið gerð grein fyrir rannsókn lögreglu og sakargögnum, sbr. II. kafla. Ágreiningslaust er að ákærði var í samskiptum við brotþola dagana 5. til 7. október 2019, meðal annars á heimili þeirra í umræddum íbúðargámi. Þá er ágreiningslaust að ákærði og brotþoli voru sambýlisfólk í nánú sambandi. Hvað varðar meint brot ákærða þá eru atvik málsins varðandi sönnunarmat í aðalatriðum í sex hlutum samkvæmt gögnum málsins og því sem kom fram við meðferð málsins fyrir dómi, einkum út frá framburði brotþola og vitna. Í fyrsta lagi meint ofbeldi gegn brotþola laugardaginn 5. október, eða að kvöldi þess dags, í íbúðargámi ákærða og brotþola í aðdraganda þess að vitnið D var handtekinn. Í öðru lagi meint ofbeldi ákærða gegn brotþola seint að kvöldi fyrrgreinds laugardags eða aðfaranótt sunnudagsins 6. október þegar brotþoli var ásamt vitninu G inni í íbúðargámi á meðan vitnið D var í haldi lögreglu á lögreglustöð. Í þriðja lagi meint ofbeldi og meint nauðgun

ákærða á brotaþola sunnudaginn 6. október í íbúðargámi ákærða og brotaþola. Í fjórða lagi meint ofbeldi að morgni mánudagsins 7. október í íbúðargámi ákærða og brotaþola, í fimmta lagi meintar hótanir á framangreindu tímabili og í sjötta lagi meint nauðgun að morgni mánudagsins 7. október í fyrrgreindum íbúðargámi ákærða og brotaþola. Framangreind atvikaröð rúmast nægjanlega innan verknaðarlýsingar ákæru að frátalinni meintri nauðgun sunnudaginn 6. október og kemur það atriði ekki til frekari umfjöllunar við úrlausn málsins.

Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 14. desember 2017, í máli nr. 715/2017, sem birtur er á vefsíðu réttarins, var lagt til grundvallar að ákærði væri sakhæfur á þeim tíma í skilningi 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga og var fallist á forsendur héraðsdóms í þeim efnum. Meðal þess sem lá til grundvallar þeim forsendum var að ákærði byggi við andlegan vanþroska en að sú skerðing væri þó ekki á því stigi að ákærði væri ósakhæfur eða að refsing gæti ekki borið árangur gagnvart honum. Engar vísbendingar eru uppi í því máli sem nú er til umfjöllunar um að hagir ákærða hafi breyst frá því sem áður var í framangreindu tilliti enda hefur af hálfu aðila ekki verið á því byggt við meðferð málsins. Við mat á framburði ákærða og svörum hans fyrir dómi verður hins vegar að taka tillit til þess að hann stendur höllum fæti í andlegum þroska.

Málatilbúnaður ákærða um að hann hafi verið allsgáður á umræddum tíma getur tæplega staðist miðað við atvik og gögn málsins. Í því sambandi liggur meðal annars fyrir niðurstaða rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði um að kannabis hafi fundist í blóði hans, auk ýmissa lyfja. Þá hefur brotaþoli borið um annarlegt ástand ákærða. Einnig hafa tvö vitni, B og C, borið um að ákærði hafi verið í annarlegu ástandi og að drekka áfengi að kvöldi laugardagsins. Þá hefur vitnið D borið um að hafa látið ákærða fá lyf, og fleira í þeim dúr hefur komið fram við meðferð málsins. Þessu til viðbótar hefur ákærði sjálfur borið um að þau brotaþoli hafi verið í vímuefnaneyslu á umræddum tíma og peningar þeirra farið í þá neyslu. Að þessu virtu er það mat dómsins að unnt sé að leggja til grundvallar að ákærði hafi verið undir áhrifum vímuefna á umræddum tíma, að minnsta kosti að kvöldi laugardags og aðfaranótt sunnudags, og ber að taka tillit til þess við mat á framburði ákærða.

Fyrir dómi virtist ákærði muna illa eftir atvikum á köflum og var framburður hans um margt óskýr og gloppóttur, einkum hvað varðar umræddan laugardag og sunnudag, og samrýmist það því sem áður greinir um vímuástand ákærða. Ákærði neitar því alfarið að hafa umrædda daga beitt brotaþola ofbeldi og að hafa nauðgað henni og hann neitar

Því jafnframt að áverkar sem voru á brotaþola þegar hún komst undir læknishendur á mánudeginum séu af hans völdum. Ákærði hefur fyrir dómi vísað til þess að hann hafi sjálfur verið með áverka á líkama þegar hann var handtekinn. Um skýringu á áverkunum hefur ákærði vísað til aðstæðna hans og brotaþola, þau hafi verið í mikilli vímuefna-neyslu og líferni þeirra verið eftir því, meðal annars að þau hafi verið vannærð og verið að reka sig í og annað í þeim dúr. Framburður ákærða var takmarkaður þegar málið var til rannsóknar hjá lögreglu, hann vildi lítið tjá sig um málið en vísaði til skriflegrar yfirlýsingar sem hann lagði fram. Ákærði vísaði að hluta til fyrrgreindrar yfirlýsingar við skýrslugjöf sína fyrir dómi en efnislega er sú yfirlýsing á þá leið að annar maður kundi að hafa verið valdur að áverkum á brotaþola og það hafi gerst á öðrum stað og nokkru fyrir meint brot ákærða. Einnig er í yfirlýsingunni vikið að skapgerð brotaþola og að hún eigi sér sögu um rangar sakargiftir.

Brotaþoli hefur fyrir dómi greint frá meintu ofbeldi og kynferðisbroti og hefur framburður hennar í meginatriðum verið í samræmi við fyrri framburð hennar hjá lögreglu. Framburður brotaþola hefur því að mestu verið stöðugur en framburðurinn ber þess hins vegar skýrlega merki að hún var undir áhrifum vímuefna á umræddu tímabili enda hefur hún sjálf borið um að hafa verið í slíkri neyslu á þeim tíma. Ber því að taka tillit til þessa við mat á framburði brotaþola. Framburður hennar hefur að sumu leyti verið gloppóttur, sem virðist skýrast af fyrrgreindu vímuástandi, en hann hefur að öðru leyti verið skýr og einlægur um það sem hún virðist muna eftir. Þá ber framburður hennar þess ekki sérstaklega merki um að hún hafi verið að geta í eyðurnar.

Samkvæmt ítarlegri matsgerð og framburði vitnisins S réttarmeinafræðings gefur heildarmynd af fjölmörgum áverkum brotaþola í umrætt skipti til kynna að hún hafi orðið fyrir árás og að flestir áverkarnir hafi verið veittir af öðrum manni og að hún hafi mögulega varist með því að bera hönd fyrir sig. Þessu til viðbótar, samkvæmt fyrrgreindri matsgerð og framburði S, samrýmist aldur áverkanna því að þeir hafi orðið til dagana 5.–7. október 2019 og þá einkum 5. og 6. þess mánaðar. Þessu til frekari stuðnings eru gögn neyðarmóttöku og framburður vitnanna L læknis og R hjúkrunarfræðings sem báru um áverka á brotaþola og andlega líðan hennar umræddan mánudagsmorgun.

Að framangreindu virtu er það mat dómsins að framburður brotaþola fyrir dómi hafi í meginatriðum verið trúverðugur og hann eigi sér meðal annars stoð í framangreindri matsgerð og gögnum frá neyðarmóttöku, auk fyrrgreinds framburðar réttarmeinafræðings og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Framburður brotaþola hefur því mikið gildi

fyrir sönnunarmat málsins. Einnig er það mat dómsins að hið gagnstæða eigi við um framburð ákærða en hann hefur ekki verið jafn skýr og einlægur við skýrslugjöf fyrir dómi. Þá eiga skýringar ákærða á atvikum og áverkum brotaþola sér ekki nægjanlega stoð í fyrrgreindum læknisfræðilegum gögnum. Að þessu virtu verður síður byggt á framburði ákærða við sönnunarmatið nema meira komi til.

2.

Hvað varðar meint ofbeldi laugardaginn 5. október 2019, eða að kvöldi þess sama dags, þá hefur brotaþoli borið um það fyrir dómi að hafa komið til baka heim í íbúðargáminn eftir að hafa verið með K heitnum og áður en nágranni hennar D var handtekinn. Í því sambandi bar brotaþoli um að ákærði hefði barið hana og sparkað í hana, ýtt henni, lamið henni utan í vegg, togað í hárið á henni og gripið um hálsinn og handlegginn á henni. Ákærði kannast ekki við framangreind atvik og hefur borið á allt annan veg, meðal annars að hann hafi komið heim á eftir brotaþola, gámurinn hafi verið í rúst og hann hafi bjargað lífi brotaþola sem hafi verið í þann veginn að hengja sig. Framburður brotaþola um meint ofbeldi ákærða á þessum tíma á sér stoð í framburði vitnisins D sem bar um það að hafa heyrt hljóð koma frá brotaþola umrætt laugardagskvöld þar sem hún var inni í íbúðargámi sínum ásamt ákærða. Þá hafi D sett þau hljóð í samhengi við meint ofbeldi af hálfu ákærða. Einnig kvaðst D hafa verið í samskiptum við ákærða nokkru síðar sama kvöld og hann hefði ekki talið að þær skýringar ákærða væru sennilegar að brotaþoli hefði skorið sig á tá. Þessu til viðbótar hafi D síðar sama kvöld, samhliða því að hann gaf ákærða lyf, lagt að ákærða að hætta að beita brotaþola ofbeldi. Framburður brotaþola um þessi atvik á sér jafnframt stoð í vætti lögreglumanns nr. 1509, auk frumskýrslu sem vitnið staðfesti, annars vegar um að brotaþoli hafi ekkert viljað með ákærða hafa vegna þess að hann hafi verið búinn að fara illa með hana og hins vegar að D hafi verið reiður ákærða vegna slíkra atvika. Þá hafi lögregla gefið ákærða fyrirmæli um að láta brotaþola í friði og halda sig frá henni. Enn fremur getur framburður brotaþola átt sér stoð í framburði vitnanna B og C sem báru um að ákærði hefði að kvöldi laugardagsins verið í annarlegu ástandi og í geðshræringu og hann talað um að kærastan hans væri að halda fram hjá honum og ákærði hefði meðal annars í því samhengi talað um að beita kærustuna ofbeldi.

Hvað varðar meint ofbeldi ákærða inni í íbúðargámi D, seint að kvöldi sama laugardags eða aðfaranótt sunnudagsins 6. október 2019, eftir að brotaþoli leitaði skjóls þar

inni, þá hefur hún borið um það fyrir dómi að ákærði hafi brotið sér leið inn um glugga á gáminum og tekið hana kverkataki svo hún missti andann og henni sortnaði fyrir augum. Þá bar brotþoli einnig um meint ofbeldi ákærða gegn G í umrætt skipti. Ákærði hefur kannast við að hafa farið inn um gluggann á gámi D og sótt brotþola en það hafi verið gert með góðu og engu ofbeldi verið beitt. Fyrrgreindur framburður vitnanna B og C um andlegt ástand ákærða og samskipti þeirra og tal ákærða við þá umrætt laugardagskvöld um að beita brotþola ofbeldi styður framburð brotþola. Vitnið G hefur kannast við að ákærði hafi komið inn um gluggann á fyrrgreindu tímabili á meðan brotþoli lá við hlið hans í rúmi þar inni. Að öðru leyti bar vitnið um atvik með talsvert öðrum hætti og virtist ekki kannast við meint ofbeldi ákærða í greint skipti, hvorki gagnvart vitninu sjálfu né heldur brotþola. Vitnið virtist þó, frekar aðspurður, kannast við að ákærði hefði strokið brotþola og mögulega verið of hardhentur við það. Við mat á framburði vitnisins verður hins vegar ekki litið fram hjá því að vísbendingar hafa komið fram í málinu um að ákærði hafi beitt vitnið G grófu ofbeldi í umrætt skipti.

Hvað varðar meint ofbeldi ákærða sunnudaginn 6. október 2019 inni í íbúðargámi hans og brotþola, þá hefur brotþoli borið um það fyrir dómi að ákærði hafi sparkað í andlit hennar eftir að hún reyndi að hengja sig inni á salerni og vitnið J hafi verið á staðnum. Verknaðarlýsing ákæru tilgreinir ekki með skýrum hætti að ákærði hafi sparkað í andlit brotþola og getur sá verknaðarþáttur því ekki orðið hluti af úrlausn málsins. Brotþoli bar einnig um að ákærði hefði á þessum tíma farið að raka af henni hárið, rakvélin orðið rafhlöðulaus og hann þá farið að klippa af henni hluta hársins. Ákærði kannast ekki við að hafa klippt hár af brotþola. Rannsókn tæknideildar á íbúðargámi ákærða og brotþola styður það ekki að ákærði hafi klippt hár brotþola. Hið sama á við um matsgerð réttarmeinafræðings. Ljósmyndir sem teknar voru á neyðarmóttöku Landspítalans mánudaginn 7. október 2019, þar sem sést í höfuðsvæði og hár brotþola, styðja það hins vegar að nokkru leyti að ákærði hafi klippt hluta hársins af henni.

Hvað varðar meint ofbeldi ákærða að morgni mánudagsins 7. október 2019 þá hefur brotþoli borið um það fyrir dómi að ákærði hafi kýlt hana mörgum sinnum í andlitið svo hún beit sig í tunguna og hún hafi eftir það skyrpt blóði út um glugga á gáminum. Ákærði hafi einnig tekið um kjálkann á henni og sagt henni að þegja. Þessu til viðbótar hafi ákærði tekið um kinnina á henni og klippið hana. Ákærði kannast ekki við að hafa beitt neinu ofbeldi, eins og áður greinir. Í þessu sambandi ber hins vegar að líta til rannsóknargagna tæknideildar og framburðar rannsóknarlögreglumanns nr. 9931 sem vitnis fyrir

dómi um að blóðugur salernispappír hafi verið á rúmdýnu inni í gáminum umræddan mánudagsmorgun. Þá hafi morguninn eftir við framhaldsrannsókn fundist blóð og slef hafi verið utan við glugga gámsins. Hvort tveggja styður þetta framburð brotaþola. Hið sama á við um framburð lögregluvarðstjóra nr. 0207 sem bar um að brotaþoli hafi að morgni mánudagsins verið blóðug í andlitinu í kringum nef og munn.

Til viðbótar öllu framangreindu ber að líta til matsgerðar og framburðar fyrrgreinds réttarmeinafræðings, sem byggist meðal annars á gögnum frá neyðarmóttöku. Í því sambandi liggur fyrir að brotaþoli var með maráverka á vinstra gagnaugasvæði, hægri neðri kjálka, hægri efra augnloki, baki, hægri hendi, vinstri rasskinn, hægri hné, hægri læri, vinstri fótlegg, vinstra læri, hægri olnboga, hægri upphandlegg og hægri fótlegg. Réttarmeinafræðingur telur að þessir maráverkar bendi sterklega til þess að þeir hafi orðið fyrir sljóan kraft og krafturinn hafi beinst að svæðunum eins og fyrir aðfarir annars manns í formi slaga og þrýstings eða grips. Útlit og staðsetning marsins á hægri hendinni geti bent til þess að það hafi orðið við eigin varnir gegn slögum eða höggum annars manns. Brotaþoli var með sár á aftanverðum hægri upphandlegg en réttarmeinafræðingur telur að útlit sársins bendi til þess að það hafi orðið fyrir sljóan kraft í formi samstuðs við harðan kant eða slag með hörðu köntuðu áhaldi. Brotaþoli var með punkt- og flekklega blæðingu í slímhúð fremri varar en réttarmeinafræðingur telur að áverkinn bendi sterklega til þess að hann hafi orðið fyrir sljóan kraft, við högg eða þrýsting yfir munnsvæðið. Brotaþoli var með sár beggja vegna á tungu en réttarmeinafræðingur telur að útlit þeirra áverka bendi sterklega til þess að þeir hafi orðið við sljóan kraft, tungan hafi lent á milli tanngarðanna er þeir skullu saman, svo sem við högg á munn- eða hökusvæðið. Þá var brotaþoli með skrámu við vinstri augnkrók en réttarmeinafræðingur telur að skráman bendi sterklega til þess að hún hafi orðið við sljóan kraft, hugsanlega við klór með fingurnögl.

Hvað varðar eymsli í kjálka þá liggur fyrir samkvæmt framburði brotaþola og fyrrgreindum niðurstöðum réttarmeinafræðings að brotaþoli var kýld í andlitið. Brotaþoli kenndi sér eymsla í kjálka að morgni umrædds mánudags en lögregluvarðstjóri nr. 0207 bar um að slíkt hefði greinilega komið fram í samskiptum við brotaþola á þeim tíma. Hið sama kemur fram í gögnum neyðarmóttöku sama morgun, sbr. framburð L læknis og R hjúkrunarfræðings fyrir dómi.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að framburður brotaþola njóti nægjanlegs stuðnings í öðrum gögnum málsins og framburði vitna og lögfull sönnun hafi

Því tekist fyrir því að ákærði hafi dagana 5.–7. október 2019 veist ítrekað að brotaþola með ofbeldi, nánar tiltekið með því að hafa veitt henni ítrekuð hnefahögg í andlit, höfuð og líkama, sparkað í hana, ýtt henni og rífið í hár hennar og klippt hluta af hári hennar, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut fyrrgreinda maráverka, sár á aftanverðan hægri upphandlegg, punkt- og flekkлага blæðingu í slímhúð fremri varar, sár beggja vegna á tungu, skrámu við vinstra augnlok og eymsli yfir vinstri kjálka.

Samkvæmt matsgerð réttarmeinafræðings voru sár á þumli og handarbaki vinstri handar talin stafa af skörpum krafti, til dæmis hnífsoddi, og sljóum krafti af mildari gerðinni sem geti tengst hversdagslegri snertingu við umhverfið. Verksaðarlýsing ákæru tilgreinir ekki snertingu framangreindra líkamssvæða með skörpum krafti eða hnífsoddi og þá geta aðrar og hversdagslegar orsakir skýrt þessa áverka. Að þessu virtu er ósannað að ákærði hafi orðið valdur að þessum áverkum.

Brotapoli hefur ekki borið um það fyrir dómi að ákærði hafi á tímabilinu frá 5.–7. október 2019 rist skurð á hægri læri hennar með hnífi en vísað til annarra meintra atvika sem ekki tengjast ákærða í því sambandi. Að því virtu er ósannað að ákærði hafi haft í frammi þá háttsemi og að hann hafi valdið grunnum skurði á framanverðu hægri læri eins og greinir í ákæru.

Hvað varðar meint kverkatak og andnað að kvöldi laugardagsins 5. október 2019 eða aðfaranótt 6. sama mánaðar, þá liggur fyrir að framburður vitnisins G styður ekki nægjanlega framburð brotaþola um slíkt tak og að hún hafi verið í andnað. Samkvæmt matsgerð réttarmeinafræðings er ekki unnt að útiloka að punktlaga litabreytingar á hægri augnloki brotaþola geti mögulega skýrst af öðru en því að gripið hafi verið um háls brotaþola og haldið í nokkra stund. Þá kom fram í framburði réttarmeinafræðingsins fyrir dómi að þær blæðingar gætu til að mynda skýrst af því að brotaþoli hefði sett reipi eða snöru um hálsinn á sér og fengið á sig aðþrengjandi kraft úr því. Roðaflekkur framan á hálsi brotaþola mánudaginn 7. október 2019 samkvæmt skýrslu neyðarmóttöku haggði ekki því mati réttarmeinafræðingsins. Þá verður ráðið af því sem fram hefur komið að hið sama eigi við um hæsi brotaþola umræddan mánudag, sem vitnið R hjúkrunarfræðingur bar um og greinir í skýrslu hennar sem fylgdi skýrslu neyðarmóttöku. Bæði brotaþoli og ákærði hafa borið um að brotaþoli hafi reynt að hengja sig og þrengt hafi að hálsi hennar í því sambandi. Að því virtu verður lagt til grundvallar að brotaþoli hafi í raun reynt að hengja sig umrædda helgi og roðaflekkur framan á hálsi hennar geti skýrst af þeim ástæðum og sé því ekki af völdum ákærða. Hengingartilraun brotaþola virðist ekki hafa

fengið nægjanlega athygli hjá lögreglu við rannsókn málsins né heldur að lögregla hafi komið þeim upplýsingum á framfæri við réttarmeinafræðing. Verður ákærvaldið látið bera hallann af því. Að framangreindu virtu er gegn neitun ákærða uppi skynsamlegur vafi um það hvort hann hafi tekið brotþola kverkataki og valdið henni andnað og roðaflekk á framanverðum hálsi eins og greinir í ákæru og er það mat dómsins að þau atriði í verknaðarlýsingu séu ósönnuð.

Um meint bit ákærða og eymsli brotþola við þreifingu grindarholslíffæra greinir nánar í lið IV/4.

3.

Hvað varðar meintar hótanir þá hefur brotþoli greint frá því fyrir dómi að ákærði hafi hótað henni ofbeldi og lífláti að morgni mánudagsins 7. október 2019 þegar starfsmenn VoR-teymis voru að koma með lyf til ákærða. Ákærði kannast ekki við að hafa haft í frammi neinar hótanir. Framburður brotþola er að mati dómsins afar trúverðugur og skýr um þessi atvik en hið gagnstæða á við um framburð ákærða. Þá getur framburður brotþola um meintar líflátshótanir ákærða samrýmst hljóðrituðu símtali hennar við neyðarlínu og fjarskiptamiðstöð umræddan morgun. Að þessu virtu er það mat dómsins að sönnun hafi tekist fyrir því að ákærði hafi hótað henni ofbeldi og lífláti umræddan mánudagsmorgun. Brotþoli hefur ekki greint frá því fyrir dómi að ákærði hafi hótað henni með sprautunálum á umræddu tímabili, eins og greinir í verknaðarlýsingu ákæru. Að því virtu er það mat dómsins að sönnun hafi ekki tekist um að slíkar hótanir hafi átt sér stað.

4.

Hvað varðar meinta nauðgun að morgni mánudagsins 7. október 2019 þá liggur fyrir að brotþoli hefur greint frá því að hafa vaknað umræddan morgun með ákærða og stuttu síðar sætt ofbeldi svo af hlutust meðal annars líkamlegar afleiðingar og dómurinn hefur meðal annars lagt til grundvallar að teljist vera sannað, sbr. liði IV/1-2. Þá hefur brotþoli með afar skýrum og trúverðugum hætti greint frá því að ákærði hafi haft við hana samræði án hennar samþykkis og það hafi byrjað á meðan hún var grátandi og stuttu eftir að hann kýldi hana í andlitið. Í því sambandi hefur brotþoli borið um það að ákærði hafi meðal annars haldið um munninn á henni, tekið annan handlegginn aftur fyrir bak og haft við hana samræði aftan frá í leggöng þar sem hún lá á hliðinni. Þessu til viðbótar hafi

ákærði reynt að bíta hana. Þá hafi hann haft sáðlát inn í hana þegar hann lauk sér af. Ákærði kannast við að hafa haft samræði við brotþola umræddan morgun og haft sáðlát inn í hana. Þá hafi samræðið verið með fullu samþykki hennar. Samkvæmt sakargögnum frá neyðarmóttöku sem voru rannsökuð af tæknideild fannst sæði í kynfærum brotþola. Liggur þannig fyrir og er óumdeilt að fyrrgreint samræði átti sér stað.

Við mat á því hvort samþykki brotþola hafi verið fyrir hendi í fyrrgreint skipti þá verður að líta til atvika máls að öðru leyti. Fyrir liggur að dómurinn hefur lagt til grundvallar að það teljist vera sannað að ákærði hafi beitt brotþola margvíslegu grófu ofbeldi áður en umrætt samræði hófst, sbr. liði IV/1-2. Að því virtu er afar ósennilegt í almennu tilliti að brotþoli hafi verið samþykk því að hafa við hann samræði. Þá er einnig afar ósennilegt í almennu tilliti að brotþoli hafi, stuttu eftir að hafa haft samræði við ákærða, og á meðan hann sótti pítsu, gert sér ferð yfir til nágretta í næsta íbúðargámi til að hringja eftir aðstoð lögreglu vegna ákærða nema ríkt tilefni væri til þess. Þegar farið er yfir hljóðupptöku á umræddu símtali brotþola til Neyðarlínu og fjarskiptamiðstöðvar lögreglu er ljóst af efni samtals og rödd brotþola að henni var mikið niðri fyrir vegna ákærða. Vitnið F bar um það að brotþoli hefði verið í uppnámi umræddan morgun þegar hún kom til hans og fékk að hringja. Hið sama kom fram hjá lögregluvarðstjóra nr. 0207 sem kom fyrst á vettvang umræddan morgun og var í samskiptum við brotþola. Í framburði lögregluvarðstjórans kom skýrt fram að brotþoli var í miklu uppnámi og óttaslegin vegna ákærða. Þá kom fram hjá lögregluvarðstjóranum að brotþoli greindi frá meintri nauðgun strax í upphafi afskipta þegar farið var með hana í lögreglubifreið, auk þess sem varðstjórinn bar um að brotþoli hefði verið aum að neðan og átt erfitt með gang og verið með verki í kjálkum.

Samkvæmt gögnum neyðarmóttöku og framburði vitnanna L læknis og R hjúkrunarfræðings var brotþoli með fjölmarga áverka. Flestir þeirra áverka hafa verið raktir til annarra atvika málsins, sbr. umfjöllun í liðum IV/1-2. Því til viðbótar liggur fyrir og telst sannað samkvæmt skýrslu neyðarmóttöku og framburði L og R að brotþoli var með eymsli við þreifingu grindarholslíffæra. Samrýmist það því sem að framan greinir um að brotþoli hafi verið aum að neðan og átt erfitt með gang. Þetta getur stutt framburð brotþola um að þvingað samræði hafi átt sér stað. Þá kemur skýrt fram í framangreindum gögnum neyðarmóttöku og framburði vitnanna L og R að brotþoli greindi strax í upphafi á neyðarmóttöku frá meintu kynferðisbroti ákærða og að það hefði átt sér stað umræddan mánudagsmorgun, auk þess sem margs konar vanlíðan brotþola

á þeim tíma, sem nánar greinir í gögnum neyðarmóttöku, hafi samrýmst frásögn brotaþola. Framangreind gögn neyðarmóttöku og framburður vitnanna L og R styður því mjög framburð brotaþola um meinta nauðgun. Þessu til viðbótar liggur fyrir, samkvæmt matsgerð S réttarmeinafræðings, að brotaþoli var með áverka á líkama sem styðja sérstaklega framburð hennar um meinta nauðgun. Nánar tiltekið er þar um að ræða mar á vinstri rasskinn, hægra hné, hægra læri og vinstra læri, auk skrámu á hægra læri, en útlit og staðsetning þeirra áverka þykir benda til þvingaðrar kynferðisathafnar, til dæmis samræðis. Þá bar S um það fyrir dómi að þessir áverkar gætu bent til þess að einhver hefði reynt að komast að kynfærum brotaþola og um væri að ræða áverkamynstur sem unnt væri að sjá í tengslum við nauðgun.

Allt framangreint, auk þess hvernig ákærði lét við starfsmenn VoR-teymis þegar hann varð var við lögreglu umræddan mánudagsmorgun, styður því framburð brotaþola um meinta nauðgun. Verður því lagt til grundvallar að lögfull sönnun hafi tekist fyrir því að ákærði hafi haft samræði við brotaþola án hennar samþykkis með því að beita hana ofbeldi, skeyta engu um mótbárur hennar, taka fyrir munn hennar og halda höndum hennar föstum fyrir aftan bak. Þessu til viðbótar telst sannað samkvæmt matsgerð og framburði I að brotaþoli hafi fengið fyrrgreinda áverka á líkama sem raktir hafa verið til þvingaðs samræðis. Þá verður jafnframt með sömu rökum lagður til grundvallar framburður brotaþola um að ákærði hafi samhliða framangreindum atvikum reynt að bíta brotaþola og hefur ekki sérstaka þýðingu í því sambandi þótt röð þess verknaðarþáttar passi ekki að fullu við verknaðarlýsingu ákæru varðandi tímaröð atvika enda verður ekki séð að vörn ákærða hafi verið áfátt hvað það varðar, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Hvorki brotaþoli né ákærði hafa hins vegar fyrir dómi kannast við það atriði í verknaðarlýsingu ákæru að ákærði hafi þreifað á kynfærum brotaþola í umrætt skipti og er það atriði ósannað.

5.

Með vísan til þess sem að framan greinir þá liggur fyrir að dómurinn hefur lagt til grundvallar að sönnun hafi tekist fyrir því að ákærði hafi beitt brotaþola margvíslegu ofbeldi, verið með hótanir og haft samræði við brotaþola án samþykkis, auk þess sem sönnun hafi tekist um nánar tilgreindar líkamlegar afleiðingar hjá brotaþola, allt eins og nánar greinir í liðum IV/1-4. Að öllu þessu virtu ber að sakfella ákærða fyrir brot gegn

2. mgr., sbr. 1. mgr., 218. gr. b og 1. mgr. 194. gr. í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. síðari breytingar.

Um ákvörðun refsingar fer samkvæmt 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga. Einnig ber að líta til þess að um var að ræða mjög alvarleg brot sem beindust gegn mikilsverðum hagsmunum og í aðstæðum þar sem brotþoli átti að vera örugg. Horfir þetta til refsipýngingar, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ljóst er af gögnum málsins að brotþoli varð fyrir talsverðu líkamlegu tjóni af völdum ákærða og horfir það til refsipýngingar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður ráðið af framburði brotþola að hún hafi átt mjög erfitt andlega eftir umrædd atvik og getur það samrýmst framburði vitnisins T hjúkrunarfræðings. Að mati dómsins eru því líkur á því að brotþoli hafi einnig orðið fyrir talsverðu andlegu tjóni af völdum ákærða sem ekki sér fyrir endann á. Horfir það einnig til refsipýngingar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða gagnvart brotþola samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga var framið með grófu ofbeldi og ber að virða það til refsipýngingar, sbr. b-lið 195. gr. almennra hegningarlaga. Þá beindist það brot gegn brotþola sem var sambyliskona ákærða og þar með nákomin ákærða en þau tengsl þykja, eins og mál þetta er vaxið, hafa aukið á grófleika verknaðarins. Horfir það til refsipýngingar, sbr. 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Sakaferill ákærða nær aftur til ársins 2004 en ákærði hefur ítrekað hlotið óskilorðsbundna fangelsisrefsingu, meðal annars fyrir líkamsárásir og önnur brot sem að öðru leyti eru tengd vísvitandi ofbeldi. Í því sambandi liggur fyrir samkvæmt fyrrgreindum Hæstaréttardómi nr. 715/2017 að ákærði var meðal annars sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga sem beindist að kærustu hans á þeim tíma, þeirri sömu og er brotþoli í því máli sem nú er til umfjöllunar. Liggur þannig fyrir að brot ákærða samkvæmt 2. mgr., sbr. 1. mgr., 218. gr. b í almennum hegningarlögum er ítrekað ofbeldisbrot í skilningi 1. mgr. 218. gr. c í sömu lögum. Að þessu virtu þykir rétt, eins og hér stendur á, að líta sérstaklega til ítrekunarinnar til refsipýngingar. Þá horfir sakaferill ákærða að öðru leyti til refsipýngingar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði á sér engar málsbætur að öðru leyti en því að hann hefur verið samvinnuþýður og komið vel fram við meðferð málsins fyrir dómi, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Að öllu framangreindu virtu verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í fimm ár. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal draga frá refsingunni óslitið gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 8. október 2019.

Brotapoli var svipt fjárræði til tveggja ára með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 2018. Þann 6. febrúar 2020 barst héraðsdómi krafa U lögmanns, sem er skipaður fjárhaldsmaður brotþola, og Ú, móður brotþola, dags. 4. sama mánaðar, um áframhaldandi fjárræðissviptingu. Það mál hefur auðkennið L-963/2020 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur en því er ólokið. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 hefur krafa um áframhaldandi fjárræðissviptingu þau réttaráhrif að hin tímabundna svipting framlengist þar til dómur liggur fyrir. Að þessu virtu liggur fyrir að brotþoli er og hefur verið ófjárráða frá því að mál þetta hófst. Fjárhaldsmaður brotþola hefur með yfirlýsingu, dags. 24. febrúar 2020, staðfest að einkaréttarkrafa réttargæslumanns brotþola sé gerð með fullu samþykki og heimild fjárhaldsmanns. Að framangreindu virtu og með vísan til úrskurðar dómsins sem var kveðinn upp undir rekstri málsins 28. febrúar 2020 er það mat dómsins að nægjanlega hafi verið gætt að formskilyrði samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 88/2008, þrátt fyrir að þess sé ekki sérstaklega getið í einkaréttarkröfu, sem tekin hefur verið upp í ákæru, að fjárhaldsmaður hins ófjárráða brotþola geri kröfuna fyrir hennar hönd.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 1. mgr., 218. gr. b og 1. mgr. 194. gr. í almennum hegningarlögum. Að því virtu eru skilyrði til að dæma ákærða til greiðslu miskabóta samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. síðari breytingar. Við mat á fjárhæð miskabóta verður litið til þess að ákærði braut gróflega gegn brotþola. Að þessu virtu og með vísan til framangreindra sjónarmiða sem hafa verið rakin um ákvörðun refsingar, auk dómvenju, þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 3.000.000 króna. Ákærði verður því dæmdur til að greiða U, skipuðum fjárhaldsmanni vegna hins ófjárráða brotþola, miskabætur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 miðast við 7. október 2019, þegar samfelldri röð bótaskyldra atvika af völdum ákærða lauk. Upphafstími dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, miðast við 20. janúar 2020 en þá var liðinn mánuður frá því að ákærða var kynnt ákæra málsins, ásamt einkaréttarkröfu, í þinghaldi vegna framlengingar á gæsluvarðhaldi.

Með hliðsjón af úrslitum málsins verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað vegna meðferðar þess hjá lögreglu, ákæruvaldi og fyrir dómi, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Karls Georgs Sigurbjörnssonar lögmanns, vegna vinnu á

rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykja hæfilega ákveðin 4.700.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk 37.629 króna vegna aksturs verjanda. Þá greiði ákærði einnig þóknun til fyrri verjanda á rannsóknarstigi, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 450.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun til skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykir hæfilega ákveðin 750.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk 763.187 króna í annan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari. Af hálfu ákærða flutti málið skipaður verjandi hans, Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður. Af hálfu bótakrefjanda flutti málið skipaður réttargæslumaður brotaþola, Kolbrún Garðarsdóttir lögmaður.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í fimm ár.

Til frádráttar refsingu ákærða kemur gæsluvarðhald sem hann hefur sætt óslitið frá 8. október 2019 til dagsins í dag.

Ákærði greiði U, kt. [...], vegna ófjárráða A, kt. [...], 3.000.000 króna í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. október 2019 til 20. janúar 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins til ríkissjóðs, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Karls Georgs Sigurbjörnssonar lögmanns, 4.700.000 krónur, auk 37.629 króna vegna aksturskostnaðar þess verjanda, þóknun fyrri skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 450.000 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmanns, 750.000 krónur, auk 763.187 króna í annan sakarkostnað.

Daði Kristjánsson